

ÞINGGERÐ

54. Sambandsþing UMFÍ 2025

EFNISYFIRLIT

Dagskrá	2
Þingsetning.....	3
Kosning starfsmanna þingsins	7
Ágrip af skýrslu stjórnar	7
Ávörp gesta.....	8
Viðurkenningar.....	9
Heiðursviðurkenningar	11
Kkórbréfanefnd skilar álitum	14
Skýrsla stjórnar frh og ársreikningur	14
Mál þögð fyrir þingið.....	16
Erindi	61
Nefndir skila álitum / Umræður um afgreiðslu mála	62
Önnur mál	101
Þingsslit	102
Matmaður þingsins	102
Fulltrúar frá sambandsaðilum.....	102

DAGSKRÁ

FÖSTUDAGUR 10. OKTÓBER

- Kl. 18:00 Þingsetning.
- Kl. 18:20 Kosning starfsmanna þingsins og kjörbréfanefndar.
- Kl. 18:30 Ágrip af skýrslu stjórnar.
- Kl. 19:00 Ávörp gesta.
- Viðurkenningar og heiðranir.
- Kl. 20:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun.

LAUGARDAGUR 11. OKTÓBER

- Kl. 09:30 Kjörbréfanefnd skilar álit.
- Skýrsla stjórnar framhald og ársreikningur.
- Umræður og afgreiðsla um skýrslu stjórnar og ársreikning.
- Kl. 11:00 Mál lögð fyrir þingið.
- Nefndarstörf.
- Kl. 12:30 Hádegishlé.
- Kl. 13:30 Erindi – Mogens Kirkeby, formaður ISCA.
- Kl. 14:00 Nefndarstörf / framhald.
- Kl. 15:30 Nefndir skila álit.
- Umræður og afgreiðsla mála.
- Kl. 17:00 Kosningar: Formaður, stjórn, varastjórn og kjörnefnd.
- Umræður og afgreiðsla mála framhald.
- 19:00 Hlé.
- 20:00 Kvöldverður og skemmtun.

Sunnudagur 22. október

- 09:30 Umræður og afgreiðsla mála framhald – Ef þörf er á.
Þingslit.

FÖSTUDAGUR 10. OKTÓBER 2025

ÞINGSETNING

ÁVARP

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður Ungmennafélags Íslands, bauð þingfulltrúa velkomna á 54. Sambandsþing Ungmennafélags Íslands á Fosshóteli Stykkishólmi.

TÓNLISTARATRIÐI

Rúnar Eff Rúnarsson flutti lagið Ísland er land þitt.

ÞINGSETNINGARRÆÐA JÓHANNS STEINARS:

Kæru þingfulltrúar og gestir!

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin á 54. Sambandsþing UMFÍ hér í Stykkishólmi - á sambandssvæði Héraðssambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

HSH – eins og við þekkjum það í dag, var stofnað 24. september árið 1922 og varð um leið sambandsaðili UMFÍ. Á stofnfundi Héraðssambandsins UMFS og H, eins og það nefndist á þessum tíma, voru þrjú félög og um hundrað félagar. Á sama tíma voru 4.000 ungmennafélagar á Íslandi.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum 103 árum sem liðin eru frá því að stórhuga og framsýnir leiðtogar unnu að uppgangi ungmennafélagshreyfingarinnar – í dag eru verkefnin önnur, fjölmennara samfélag og starfsemin umfangsmeiri enda hefur hlutverk íþróttahreyfingarinnar þróast í þá átt að verða einn af máttarstólþum samfélagsins.

Saman höfum við sem samfélag gengið í gegnum sannkallaða umbreytingu á þessum langa tíma. Ég fullyrði að sú þróun hefur gert okkur sem hreyfingu sterkari og öflugri. En við eigum samt svo ótrúlega mikið eftir og mikið inni. Við höfum enn tækifæri til að eflast.

Í vor varð Íþróttabandalag Vestmannaeyja aðili að UMFÍ. Það markar sérstök tímamót því nú eru öll íþróttahéruð landsins í fyrsta sinn innan UMFÍ og þar með öll íþrótt- og ungmennafélögin. Ég býð fulltrúa ÍBV sérstaklega velkomna hingað á þingið og hvet ykkur öll til að nýta sambandsþingið til að tengjast, ræða við fólk, deila

hugmyndum, eignast fleiri vini og upplifa með því móti hinn eina sanna ungmennafélagsanda.

Samstarf og samvinna eru lykilorðin á vegferð okkar. Þess vegna er afar ánægjulegt að sjá samstarfsaðila okkar hér með okkur, fulltrúa frá ÍSÍ, sérsamböndum og sveitarfélögum, frá embætti samskiptaráðgjafa í Íþrótt- og æskulýðsstarfi, farsældarfulltrúa landshlutanna og fulltrúa Landsbjargar.

Það er nefnilega þannig að þó svo að við berum öll mismunandi hatta og tökumst á við ólík hlutverk og verkefni þá eru áskoranirnar sambærilegar - og við náum alvöru árangri þegar við vinnum og stöndum saman.

Við verðum að halda áfram að byggja brýr á milli mismunandi hópa og ólíkra aðila. Saman þurfum við að forgangsraða verkefnum og tala einni röddu. Það er samfélaginu til heilla.

Á þingi okkar fyrir tveimur árum vorum við sammála um að hefja vegferð með breyttri úthlutun lottótekna og stofnun svæðisstöðva íþróttahéraða. Við sköpuðum saman vettvang til að ganga í takt. Hvern grunaði þá að örfáum dögum síðar stæðum við með fjármagnaðan samning af hálfu ríkisvaldsins. Samning sem var undirritaður skömmu síðar. Íþróttahreyfingin fékk þá í fyrsta skipti fjármagn utan hefðbundinna fjárliða íþrótt- og æskulýðsstarfs. Fjármagnið tengist málaflokkum um „farsæld“ og var annars vegar veitt til reksturs svæðisstöðva íþróttahéraðanna og hins vegar í hvatasjóð sem einmitt nú er opin fyrir umsóknir í þriðja skiptið.

Við, eins og svo mörg önnur, bíðum nú niðurstöðu fjárlagavinnu ríkisins um mögulega framlengingu samningsins. Málaflokkurinn „farsæld“ er enn til staðar á fjárlögum. Í ljósi þess árangurs sem hefur náðst og mikillar þýðingar þess fyrir íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarnar þá skiptir verulegu máli að framhald verði á fjárveitingum til svæðisstöðvanna úr ríkissjóði.

Við sáum sambærilegan árangur samvinnu í verkefninu „Allir með!“. Það er einstakt á margan hátt. Þar sameinast þrjú ráðuneyti í því að styrkja verkefnið undir forystu Íþróttasambands fatlaðra í samstarfi ÍSÍ, UMFÍ, Öryrkjabandalags Íslands og Þroskahjálpar.

Mörg verkefni eru svo fram undan sem við í íþróttahreyfingunni þurfum að takast á við og finna lausn á. Stærsta samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ um þessar mundir eru svæðisstöðvar íþróttahéraða. Tilgangurinn er að þær styðji íþróttahéruðin til að efla íþróttastarf á landsvísu, styðja betur við íþróttafélög landsins, bæta þjónustu við iðkendur og ná betur til þeirra sem standa af öllum mögulegum ástæðum utan við skipulagt íþróttastarf.

Starfsfólk svæðisstöðvanna hefur nú í rúmt ár unnið á vettvangi. Þau hafa nálgast vinnuna í samræmi við ólíkar þarfir – hvert í sinni heimabyggð. Rauði þráður þeirra felst í að kortleggja núverandi stöðu íþróttahéraða, tengja saman hagsmunaaðila í sveitarfélögum við hreyfinguna og fá fólk víða að til þess að setjast niður, ræða málin og finna lausnir á mörgum málum. Ég hef heyrt að starf og árangur svæðisfulltrúanna til þessa hafi ekki fengið næga kynningu. Við hefðum mátt setja meiri kraft í að sýna ávinninginn, sem þegar hefur náðst. En segja má að hreyfingin öll er almennt of upptekin við daglegt amstur frekar en að draga það fram sem vel er gert, kynna og hrósa verkum sínum.

Ég er sannfærður um að vinna starfsfólks svæðisstöðvanna eykur verulega líkurnar á því að við getum náð þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa sett með lögum um farsæld barna, íþróttalögum og íþróttastefnu ríkisins. Svæðisstöðvarnar eru án efa sá vettvangur sem hægt er að nýta fyrir frekari samvinnuverkefni ÍSÍ og UMFÍ, sem þing beggja hreyfinga hafa ítrekað ályktað um og tengist aukinni samvinnu þeirra á milli. Það er því mikilvægt og okkar allra hagur að grípa í sameiningu og nýta þau tækifæri sem vettvangur svæðisstöðvanna býður uppá.

Með öflugum samtali og samvinnu komum við íþróttamálum betur á dagskrá í samfélaginu. Á Alþingi og kaffistofum landsins. Af mörgu er að taka. Enn er sótt að hreyfingunni í umræðu um veðmálastarfsemi. Það er hagsmunamál okkar allra að taka af hörku á starfsemi ólöglegra erlendra veðmálafyrirtækja hér á landi. Það er – svo vægt sé til orða tekið – með ólíkindum að stjórnvöld geti ekki fylgt eftir þeim lögum sem gilda í landinu um starfsemi veðmálafyrirtækja.

En málin eru miklu fleiri. Skattamál íþróttafélaga hafa verið í umræðunni síðustu misseri. Á dögunum fengu sum aðildarfélög bréf frá Skattinum þar sem þau voru krafín um upplýsingar fyrir lok þessa mánaðar. Við verðum að draga framlag hreyfingarinnar betur fram í dagsljósið og ná ásættanlegri niðurstöðu um skattamál íþróttahreyfingarinnar og fjármögnun hennar. Til að það takist verðum við að vera samstíga. Ákveða hvað er líklegast til að skila mestum árangri fyrir heildina og sækja þar fram.

Annasamt ár er að baki hjá okkur öllum. Við getum gert ráð fyrir að næsta ár verði það líka. Nú höfum við tækifæri til að taka enn betur utan um íþróttahreyfinguna og hefja samtal um stefnumótun hennar til framtíðar – stefnumótun þar sem ríki og sveitarfélög taka höndum saman með ÍSÍ og UMFÍ. Við þurfum öll að fara í þá vinnu og ræða hlutverk og ábyrgð allra þeirra sem að starfi hreyfingarinnar koma, útfæra það með nýjum íþróttalögum og skapa saman betra starfsumhverfi fyrir þau öll sem starfa í hreyfingunni. Það er varða á vegferð okkar – leiðin að betri íþróttahreyfingu og betra samfélagi.

Landsmót DGI, sem eru systursamtök UMFÍ í Danmörku, fór fram í sumar. Í frábærri ræðu við setningu mótsins sagði formaður þeirra, Charlotte Bach Thomassen, frá lífandi starfi íþróttahreyfingarinnar. Ég vil gera orð hennar að mínum.

„Íþróttafélögin“, sagði hún – „þau standa aldrei kyrr. Við finnum stöðugt nýjar leiðir til að vera saman. Það styrkir okkur sem einstaklinga. Það styrkir samfélögin og það styrkir þjóðfélagið. Við erum kannski ekki öll eins - og ekki alltaf sammála. En við deilum sameiginlegum áhuga. Þegar ágreiningur kemur upp þá ræðum við saman. Lykilatriðið er að þegar við hreyfum okkur saman – og hreyfum hvert annað - þá hreyfum við heiminn. Allir vinna þegar allir eru með.

Kæru félagar. Sunnan við Stykkishólm - rétt utan við Stykkishólmsveg - stendur Helgafell. Í þjóðsögu um fellið segir að þau sem ganga upp á það geti fengið þrjár óskir uppfylltar. En aðeins ef ekki er litið um öxl - og ef ekki er orð mælt af munni. Þegar horft er í austurátt skal bera óskirnar upp. Ef öll skilyrði eru uppfyllt muni óskirnar rætast. Ég hvet ykkur til að hafa þessa sögu í huga. Þótt það sé vissulega mikilvægt að þekkja sögu okkar og sjálfsagt í okkar hreyfingu að tjá hug sinn - þá er mikilvægt að festast ekki í fortíðinni og halda áfram - feta óhrædd veginn og auka líkur á að óskir okkar verði uppfylltar.

Við höfum sýnt að við búum yfir seiglu, erum hugrökk, nútímaleg og óhrædd við að tjá okkur. Við erum hreyfiafl – og hjá okkur er eina leiðin áfram. Samfélagið þrífst best þegar við vöxum og döfnum, saman.

Ég kalla því eftir að heyra sjónarmið ykkar í umræðum hér á þinginu um tillögur, hugmyndir að lausnum - pælingar um það sem betur má fara. Ég hlakka til samtals á þinginu um allt það sem ykkur liggur á hjarta. Með jákvæðum samskiptum og uppbyggilegri gagnrýni gerum við starf hreyfingarinnar okkar enn betra – Það er ungmennafélagsandinn í verki.

Kæru ungmennafélagar: Grípum tækifærin, tölum saman, deilum hugmyndum og gerum lífið betra. Það er samfélaginu til góða.

Ég segi 54. Sambandsþing UMFÍ sett.

Íslandi allt!

KOSNIR STARFSMENN ÞINGSINS

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu um þingforseta og varaþingforseta sem var samþykkt.

ÞINGFORSETI

Gretar Daníel Pálsson

VARAÞINGFORSETI

Helga Guðrún Guðjónsdóttir

Þingforsetar þökkðu traustið og fóru yfir nokkur praktísk atriði. Xxx. Þingforsetar lögðu fram eftirfarandi tillögu um þingritara, sem var samþykkt:

ÞINGRITARAR

Sigurður Óskar Jónsson

Anna Ragnheiður Möller

Þingforseti lagði fram eftirfarandi tillögu að skipan í kjörbréfanefnd, sem var samþykkt.

KJÖRBRÉFANEFND

Geir Kristinn Aðalsteinsson, ÍBA

Þuríður R. Sigurjónsdóttir, UÍA

Gyða Björk Bergþórsdóttir, ÍA

ÁGRIP AF SKÝRSLU STJÓRNAR

Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, fór yfir skýrslu stjórnar. Hægt er að kynna sér skýrsluna og efni hennar á vefsíðu UMFÍ, undir fundargerðum.

ÁVÖRP GESTA

- Guðmundur Ingi Kristinsson, Mennta- og barnamálaráðherra sendi kveðju á myndbandsformi. Hann greindi frá því að stjórnvöld hafi þegar ákveðið að framlengja verkefnið Allir með til þriggja ára og sagðist vonast til þess að verkefni svæðisstöðvanna héldi áfram. Hann sendi að lokum góðar kveðjur.
- Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ sagði frá sínum tengingum við Snæfellsnes. Hann flutti kveðju frá forseta, stjórn og starfsfólki ÍSÍ. Hann fjallaði um unga fólkið og eitt það mikilvægasta sem við eigum, tímann, og ýmislegt sem honum tengjast. Sjálfbóðaliðastörf í íþróttum eru t.d. spurning um tíma. Í heimi þar sem tími fólks er takmarkaður, er sjálfbóðaliðastarf í íþróttum ómetanlegt. Þó lifum við á tímum breytinga, þar sem fólk er farið að meta tíma sinn á annan hátt en áður var. Því eru sjálfbóðaliðar gríðarlega mikilvægir og ekki sjálfgefið að þeir gefi tíma sinn í allt sem þeir gera, þ.á.m. að mæta á svona þing og taka þátt í umræðunni um framtíð íþróttamála.
- Sara Jóhanna Waage, varaformaður Ungmennaráðs, og fleiri úr ráðinu stóðu með henni, sagði frá störfum ráðsins. Þau eiga fulltrúa í öllum nefndum UMFÍ og taka virkan þátt í ýmsum þáttum UMFÍ. Hún sagði frá ráðstefnunni Ungt fólk og lýðheilsa, sem fór fram á Reykjum í september og tókst frábærlega. Gaman er að segja frá því að allir sem tóku þátt í könnun að ráðstefnunni lokinni, sögðust myndu mæla með ráðstefnunni fyrir aðra. Sara fjallaði einnig um störf sjálfbóðaliða, og bentu á mikilvægi þess að gefa ungu fólki tækifæri til þess að fá að taka þátt í starfinu. Hún hvatti þingfulltrúa til að gefa sig á tal við fulltrúa ungmennaráðs á þinginu til að kynna sér málin.
- Þórður Hjalttested, formaður Íþróttasambands fatlaðra, þakkaði fyrir samstarfið undanfarin ár, sérstaklega hvað varðar Allir með verkefnið. Hann fagnaði tilkynningu ráðherra um áframhald verkefnisins og hvatti þingfulltrúa til að mæta á viðburð í Laugardalshöllinni á næstunni. Hann bað þingheim að gefa Valdimar Gunnarssyni, verkefnastjóra yfir verkefninu, gott klapp. Hann sagði að stuttlega frá sínum tengingum við Ungmennafélagshreyfinguna og hvatti þingheim til að fylgjast með þegar kvikmynd sem gerð var í samstarfi UMFÍ og ÍF verður sýnd í sjónvarpinu. Hann talaði líka um mikilvægi svæðastöðvanna, sem hjálpa til við að fá ýmsa sem eru undir í samfélaginu til að stunda íþróttir.
- Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, forseti bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Stykkishólms, þakkaði fyrir boðið á þingið og bauð þingfulltrúa velkomna í bæinn. Hún vonast til að fólk geti skoðað bæinn og svæðið í leiðinni.
- Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ kynnti Ungmennafélagsandann, sem tók til máls og brá á skemmtilegan leik til umhugsunar, með ýmsum tölfræðiupplýsingum um hreyfinguna.

VIÐURKENNINGAR

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ, afhendi allar viðurkenningarnar.

HVATNINGARVERÐLAUN:

Ungmennafélagið Vísir / Ungmennasambandið Úlfjótur (USÚ)

Eftirfarandi texti fylgdi útnefningunni:

Það er stórkostlegt að sjá hvað gerist þegar fólk er virkjað til þátttöku með skemmtilegum hætti. Ungmennafélagið Vísir í Suðursveit hefur vakið heilmikla eftirtekt upp á síðkastið fyrir ótrúlegan samtakamátt heimafélks en þar hefur nær hvert einasta mannsbarn í sveitinni lagt hönd á plóg til að gera frjálsíþróttavöll, sem mun án nokkurs vafa efla áhuga á hreyfingu og greininni í sveitinni.

Landinn gerði á dögnum afar skemmtilegt innslag um völinn, sem vakti mikla eftirtekt.

En fleiri undur og stórmerki eiga sér stað hjá ungmennafélaginu Vísi. Þar hefur borðtennisiðkun aukist mikið upp á síðkastið og á félagið nýjasta liðið í deildarkeppninni í borðtennis.

Allt að gerast – í Suðursveit, eins og maður segir.

Hvatningaverðlaunum UMFÍ eru veitt Ungmennafélaginu Vísi fyrir eftirtektarvert uppbyggingarstarf á aðstöðu og æskulýðsstarfi í þágu félagsins og samfélagsins – og trekkja að fleiri þátttakendur en búa í Suðursveit. Það er vel af sér vikið.

Bjarni Malmquist Jónsson formaður Vísis, en hann er einnig formaður Ungmennasambandsins Úlfjóts, veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd Ungmennafélagsins Vísis.

Ungmennafélagið Reykdælir / Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB)

Eftirfarandi texti fylgdi útnefningunni:

Ungmennafélag Reykdæla er kannski lítið félag – en það er borið uppi af svo miklu hugsjónafólki sem hugsar út fyrir rammann að starfið hefur sprungið út.

Á síðasta ári voru um 80 iðkendur hjá félaginu í allskonar greinum sem í boði voru. Skráningar í greinar voru um 120 þar sem iðkendur tóku þátt í fleiri en einni grein. Þetta er eftirtektarvert og til fyrirmyndar enda um tvöföldun frá fyrri árum. Ljóst er að þetta litla félag gerði iðkendum víðs vegar að úr Borgarfirði mögulegt að finna eitthvað við sitt hæfi.

Ljóst er að framboð greina er heilmikið miðað við hina frægu höfðatölu fyrir alla iðkendur á grunnskólaaldri. Þar að auki gerir félagið vel við iðkendur og hefur keypt treyjur fyrir allan hópinn. Með því móti er dregið úr kostnaði foreldra og tryggt að allir iðkendur verði með.

Starf Ungmennafélags Reykdæla byggir að stórum hluta á einstaklingsframtaki, vilja, drifkrafti, góðu fólki og góðum þjálfurum.

Við veitum Ungmennafélagi Reykdæla á Kleppjárnshreykjum, aðildarfélagi Ungmennasambands Borgarfjarðar, Hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir eftirtektarvert, fjölbreytt og framsækið starf í þágu félagsins og samfélagsins.

Gunnhildur Gunnarsdóttir, svæðisfulltrúi á Vesturlandi, veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd Ungmennafélags Reykdæla.

Íþróttafélagið Undri / Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN)

Eftirfarandi texti fylgdi útnefningunni:

Íþróttafélagið Undri var stofnað árið 2021 til að taka á móti öllum börnum í íþróttir í Dalabyggð. Félagið er því samansett úr sex öðrum félögum úr Dalabyggð með það að markmiði að festa íþróttaiðkun í Dalabyggð betur í sessi og geta haldið úti skipulagðri starfsemi fyrir alla aldurshópa.

Starfið hefur verið mjög metnaðarfullt og vaxið og dafnað síðan það var stofnað þrátt fyrir lítinn sem engan húsakost, fámenni, dreifða iðkendur og skort á þjálfurum.

Markmið félagsins hefur frá fyrsta degi verið að bjóða upp á eins fjölbreytt starf og kostur er hverju sinni þannig að öll geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Að félaginu stendur samheldinn og kraftmikill hópur sem hefur keyrt starfið áfram af mikilli hugsjón og hefur sýnt að þegar fólk leggst á eitt er ýmislegt hægt.

Við veitum Ungmennasambandi Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga Hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir öflugt og eftirtektarvert starf íþróttafélagsins Undra, sem er í þágu félagsins og samfélagsins.

Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður UDN, veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd Íþróttafélagsins Undra.

Skautafélag Akureyrar / Íþróttabandalag Akureyrar (IBA)

Eftirfarandi texti fylgdi útnefningunni:

Framlag heilbrigðisteymis Skautafélags Akureyrar til öryggis og velferðar iðkenda og gesta í Skautahöllinni á Akureyri er ómetanlegt.

Heilbrigðisteymið var stofnað haustið 2023 að frumkvæði Jóhanns Þórs Jónssonar, sjúkraflutninga- og slökkviliðsmanns. Það hefur frá fyrsta degi starfað á sjálfboðaliðagrunni. Í teyminu eru í dag um 14 einstaklingar, flestir foreldrar iðkenda, sem allir starfa í heilbrigðisgeiranum – læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraflutningamenn og sjúkraliðar.

Teymið stóð vaktina á sínum fyrsta vetri á 53 viðburðum og náði nánast alltaf að manna vaktir. Teymið er á öllum heimaleikjum skautafélagsins – bæði hjá meistaraflokkum og yngri flokkum – auk þess að sinna helgarmótum.

Of langt mál er að telja upp alla vinnu og kosti heilbrigðisteymisins, sem hefur brugðist við þegar óhöpp og veikindi hafa komið upp í röðum leikmanna og áhorfenda auk þess að halda skrá yfir öll óhöpp sem verða í leikjum og á æfingum sem nýtist félaginu við að greina umfang og eðli meiðsla.

Heilbrigðisteymi Skautafélags Akureyrar er fyrirmynd annarra félaga.

Jóna Jónsdóttir, formaður ÍBA, veitti viðurkenningunni viðtöku fyrir hönd Skautafélags Akureyrar.

HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

GULLMERKI

Klara Bjarnadóttir Grindavík (ÍS)

Eftirfarandi texti fylgdi útnefningunni:

Það er ólíklegt að Klöru Bjarnadóttur hafi órað fyrir því sem fram undan var þegar hún var kosin formaður Ungmennafélags Grindavíkur árið 2021. Kona hafði ekki vermt formannsstólinn frá árinu 1978 og er Klara önnur konan til að gera það. Hún hafði áður skilað af sér frábæru starfi sem formaður sunddeildar Ungmennafélags Grindavíkur.

Klara og sú stjórn sem tók þarna við hafði fengið nasasjón af hamförunum. Eldgos hófst í Fagradalsfjalli í mars árið 2021 en stjórnin var kosin í júní sama ár. En síðan hætti ekki að gjósa og eru gosin nú orðin tólf talsins. Óhætt er að segja að þrettánda gosið sé yfirvofandi.

Í kjölfar rýmingar Grindavíkur í nóvember 2023 fékk stjórn UMFG allt íþróttastarfið í fangið. Iðkendur tvístruðust út um allt. En samt hélt UMFG félaginu saman.

Íþróttahreyfingin, með Klöru í stafninum, sneri bökum saman til að hjálpa Grindvíkingum. Þótt enn sé gosrói á Reykjanesi heldur starf UMFG enn áfram.

Fyrir þetta þrekvirki og stanslausa starf sem formaður UMFG við fordæmalaugar aðstæður sæmum við Klöru Gullmerki UMFÍ.

Ómar Bragi Stefánsson UMSS

Eftirfarandi texti fylgdi útnefningunni:

Ómar Bragi Stefánsson er með íþróttir í blóðinu. Hann hefur um 20 ára skeið stýrt mótum UMFÍ, Unglingalandsmóti UMFÍ og Landsmótum UMFÍ 50+ ásamt öðru. Hann var kjörinn í stjórn Tindastóls árið 1974 þegar hann var 16 ára gamall. Leiðir Ómars og félagsins hafa legið saman upp frá því og hefur hann sagt knattspyrnudeild Tindastóls vera sem sitt fjórða barn.

Vegur Ómars óx innan Tindastóls í áranna rás enda sat hann svo til samfleytt í stjórninni frá 1974 til ársins 2017, eða í 43 ár. Þar af var hann formaður í 30 ár.

Ómar hlaut starfsmerki UMFÍ árið 1998 fyrir störf sín í þágu Tindastóls. Nú er komið að Gullmerkinu.

HEIÐURSFÉLAGAR

Einar Haraldsson Keflavík (ÍRB)

Eftirfarandi texti fylgdi útnefningunni:

Einar Haraldsson hefur haft djúpstæð áhrif á íþróttastarf á Suðurnesjum í mörg ár. Það er kannski ekki á allra vitorði en Einar er aðfluttur í Keflavík, fæddur í Reykjavík og alinn upp í Garðahreppi og útskrifaður úr húsasmíði frá Iðnskólanum í Hafnarfirði.

Einar flutti ekki til Keflavíkur fyrr en árið 1977.

En það skiptir auðvitað engu fyrir okkar sögu og íþróttamál í Keflavík því hann er fyrir löngu orðinn rótgróinn hluti af samfélaginu.

Ferill Einars í keflvísku íþróttalífi spannar rúm 40 ár. Hann var kjörinn í varastjórn Ungmennafélags Keflavíkur árið 1985 og varð síðasti formaður félagsins níu árum síðar. Um mitt ár 1994 varð Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag til úr sex íþróttafélögum.

Einar stóð vaktina af elju í 39 ár, þar af 26 sem formaður og 25 ár sem framkvæmdastjóri Keflavíkur.

Einar hefur auk þess látið til sín taka í stjórn UMFÍ. Hann sat í varastjórn UMFÍ um fjögurra ára skeið, frá 2003 til 2007 og í aðalstjórn næstu fjögur ár á eftir. Stjórnarseta hans taldi því 8 ár. Hann sat þar í framkvæmdastjórn ásamt fleiri nefndum og á nú sæti í fjárhags- og greiningarnefnd. Hann hefur auk þess tekið þátt í öðru starfi UMFÍ eins og í starfi Almannaheilla.

Þar utan sat hann í stjórn Íþróttabandalags Reykjanesbæjar í áratug, bæði sem varaformaður og formaður.

Einar hefur ekki aðeins sinnt félagsmálum af mikilli ábyrgð heldur einnig verið drifkraftur í uppbyggingu, samstöðu og árangri Keflavíkur. Hann hefur verið traustur leiðtogi, hlýr félagi og orðstír hans afar góður.

Við þökkum Einari innilega fyrir ómetanlegt framlag hans – fyrir störf, hjartalag og farsælan feril.

Við veitum honum hér æðstu viðurkenningu UMFÍ fyrir störf hans.

Einar þakkaði fyrir sig og sagði það mikinn heiður að vera gerður að heiðursfélagi UMFÍ. Efst í huga er þakklæti, því ómetanlegt sé að hafa fengið tækifæri til að starfa með svona mörgu flottu og öflugum fólki.

Magnús Alexandersdóttir

Eftirfarandi texti fylgdi útnefningunni:

Í Skinfaxa – tímariti UMFÍ árið 2023 – segir um Magnúsi Alexandersdóttur að hún sé fædd inn í ungmennafélagshreyfinguna. Hún er líka félagi fram í fingurgóma og hefur tekið þátt í félagsstarfi frá tólf ára aldri.

Þótt hún hafi kannski ekki átt langan feril sem keppnismanneskja þá hefur vegur hennar verið farsæll í félagsmálum.

Magnús tók sæti í stjórn HSH á héraðsþingi sambandsins í febrúar 1971. Tók hún þar þátt í ýmsum störfum, var formaður þegar á þurfti að halda, ásamt því að taka að sér starf framkvæmdastjóra HSH um tveggja ára skeið. Hún sat jafnframt í stjórn HSH, þar af tvö ár sem formaður. Það slysaðist hún til að taka að sér í neyðartilviki.

Magnús var fyrsta konan til að gegna þessu hlutverki í sögu UMFÍ á sínum tíma.

Magnús ferðaðist um landið, oft ein á ferð, og kom mörgu í verk. Hún stofnaði sumarbúðir á Lýsuhóli, gaf út fréttabréf HSH og stóð í ströngu við að kynna starfsemi sambandsins. Hún stýrði Landsmóti UMFÍ á Akureyri 1981 af miklum krafti.

Í stjórn UMFÍ var Magnús oft eina konan. Hún starfaði með mörgum þekktum einstaklingum og átti þar meðal sinna bestu vana. Hún hlaut Gullmerki UMFÍ árið 1992 fyrir ómetanlegt framlag sitt.

Viðtalið við Magnúsi í Skinfaxa endurspeglar óeigingjarnt starf sjálfbæðisins sem Magnús er góð fyrirmynd.

Spurð að því hvernig það hafi verið að ferðast og funda alltaf hreint ein með þessum körlum sagði hún:

„Þetta voru allt finir karlar og mér fannst aldrei leiðinlegt. Ég tók ekkert eftir því þótt ég væri ein því þetta voru allt vinir mínir.“

Fleiri mættu vera jafn léttlundaðir og jákvæðir og Magnús.

Magnús var sæmd gullmerki UMFÍ árið 1992. Síðan eru liðin 33 ár og fyrir löngu er kominn tími á að hún bætist í góðan hóp fólks, sumra sem voru með henni í stjórn á löngum ferli.

MATMAÐUR UMFÍ

Þingforseti minnti á matmann UMFÍ og farandaskinn sem sá eða sú hlýtur til varðveislu á milli þinga.

Þingforsetar tilkynntu um hlé á þingstörfum og kynntu Sigurð Guðmundsson, forstöðumann skólabúða UMFÍ til leiks, en hann stýrði hátíðarkvöldverði.

Þingi frestað kl. 19:45

HÁTÍÐARKVÖLDVERÐUR OG SKEMMTUN

LAUGARDAGUR 11. OKTÓBER 2025

Þingi fram haldið kl. 09:30

KJÖRBRÉFANEFND SKILAR ÁLITI

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður kjörbréfanefndar, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Kjörbréf bárust frá 26 sambandsaðilum. Þingfulltrúar á kjörbréfum eru 121 af 124.

Kjörbréf borin upp til samþykktar, samþykkt samhljóða

SKÝRSLA STJÓRNAR FRH OG ÁRSREIKNINGUR

Guðmundur G. Sigurbergsson, gjaldkeri UMFÍ, fór yfir reikninga UMFÍ 2024, sem endurskoðaðir eru af ODT endurskoðunarskrifstofu. Hjá honum kom fram að rekstrarniðurstaða sýndi tekjur umfram gjöld upp á 73.578.991 kr. Eigið fé og skuldir eru 769.397.974 kr. Handbært fé í lok árs er 472.047.194 kr.

Guðmundur fór einnig yfir þróun ríkisframlags í gegnum árin, en það hefur ekki fylgt verðlagsþróun. Þá greindi hann einnig frá mikilvægi Íslenskrar Getspár, sem hefur greitt út mikið fé í aukaarðgreiðslur til eignaraðila sinna á undanförunum árum.

UMRÆÐUR OG AFGREIÐSLA UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG ÁRSREIKNING:

ÞINGFORSETAR

Þórir Haraldsson HSK, sagðist vera mættur á sitt 20. þing. Margt hefur breyst á þeim tíma, t.d. tilkoma lottósins. Þegar það fór svo að skila afgangi, þá þurfti að fara að finna leið til að skipta fjármuninum. Hann brýndi fyrir fólki að vanda til verka þegar kemur að því að breyta þessum lottóreglum. Það sé mikilvægt að umræður um stór mál séu virk í umræðunni í lengur en bara vikuna fyrir þing. Hann þakkaði svo stjórn og starfsfólki fyrir gott samstarf og góða skýrslu. Hann stýrir lítilli deild hjá UMF Selfoss og sagði frá bréfi sem nýlega barst frá Skattinum, þar sem kemur fram að stjórnarfolk beri refsíabyrgð á því að rétt sé greitt til skattayfirvalda. Hann skorar á UMFÍ og ÍSÍ að ná því fram að það sé eitthvað lágmark sem félög geti styrkt sína keppendur, t.d. búninga og skó, án þess að telja þurfi það fram til skatts. Hann sagðist sakna þess að hreyfingin sé ekki leiðandi í félagsmálafræðslu. Svo talaði hann um svæðaskrifstofurnar og sagðist fagna því að loksins núna sé hann að fá að vita hvað

starfsfólkið er að gera í vinnunni. UMFÍ stendur vel fjárhagslega og miklir sjóðir til, en hann hefur áhyggjur af fjárhagsstöðu félaganna í grasrótinni. Þetta er allt spurning um hvar fjármununum sé best varið.

Helgi S. Haraldsson HSK, þakkaði stjórninni fyrir skýrslu og reksturinn frá síðasta þingi. Hann saknar þess að heyra lítið frá forystu íþróttahreyfingarinnar milli þinga. Það þarf ekki að vera flóknara en það að senda tölvupóst eða skrifa frétt á heimasíðuna um einstaka tillögur frá þingum. Þá eru skiptar skoðanir á því hvernig verkefnið um svæðaskrifstofurnar hefur gengið. Hann vill fá reglulegt stöðumat á verkefninu.

Sigurður Guðmundsson UMSK, vill beina því til stjórnar UMFÍ að minnka þá sjóði sem UMFÍ situr á, helst ætti að taka húsnaðissjóðinn og deila honum út til félaganna. Þá beindi hann sjónunum að Reykjum. Þar séu talsverðar tekjur, en óvarlegt að treysta um of á jöfnunarsjóð sveitarfélaganna. Hann fjallaði líka um svæðisskrifstofurnar, sem hann telur t.d. algjöran óþarfa á höfuðborgarsvæðinu. Þá lagði hann til að Íslenskar gettraunir prófi að bjóða sína þjónustu erlendis. Erlend veðmálafyrirtæki virðast mega starfa hér, og af hverju ætti íslenskt veðmálafyrirtæki ekki að mega starfa erlendis. Hann fjallaði líka um skattamálin.

Gunnhildur Hinriksdóttir HSP, lýsti yfir ánægju með svæðaskrifstofurnar, sem hafa reynst vel á hennar svæði. Hún myndi gjarnan vilja fá fleiri svæðisfulltrúa á sitt svæði, allavega þá sem önnur svæði vilja ekki nota.

Guðmundur Sigurbergsson gjaldkeri UMFÍ, sagði frá því að ákveðinn hluti sjóða UMFÍ væri til kominn vegna sölu á Sigtúni 42. Það sé hlutverk stjórnar að varðveita fjármuni hreyfingarinnar og nauðsynlegt að vandað sé til verka. Það sé vissulega rétt að mörg smærri héraðssambönd eiga í erfiðleikum með sinn rekstur, en nauðsynlegt að málin séu rædd.

Gunnar Þór Gestsson UMSS og varaformaður UMFÍ, sagði frá tilurð svæðastöðvanna. Það var ákveðið að búa störfin til og ráða í þau, en það var ákveðið að láta íþróttahéruðin frekar segja starfsfólkinu hvað þau eigi að gera. Núna sé þó kannski kominn tíminn sem UMFÍ komi meira inn í það sem svæðastöðvarnar eiga að gera. Hann sagði frá tillögu sem hann mun leggja til síðar á þinginu, um að afgangur af rekstri svæðastöðvanna yrði greiddur út til héraðanna. Sá afgangur verður t.d. til með aukaarðgreiðslum frá getspá. Sú tillaga myndi vonandi gera það að verkum að lækka öldurnar í umræðunum á eftir.

Birna Hannesdóttir, sem bæði er formaður HHF og svæðisfulltrúi, sagði frá því að ef hættu ætti verkefninu, þá yrði að taka lottóreglugerðina upp í heild sinni. Svæðastöðvarnar eru mótvægisáðgerð við skerðingu á lottói og eitthvað yrði að koma í staðinn.

Ingvar Sverrisson ÍBR, fjallaði einnig um svæðastöðvarnar í samhengi við starfið á höfuðborgarsvæðinu. Honum finnst þó erfiðast að fá ekki að ráða því hvað gert er við peningana í verkefninu, sem vel að merkja eru mjög litlir í þeirra samhengi. Það væri ráð að hlusta á fólkið til að finna út hvernig fjármununum er best varið.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð, hrósaði svæðisfulltrúunum á Suðurlandi. Hann er sveitarstjóri í Skaftárhreppi og þar hefur samstarfið gengið vel. Hann talaði líka um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en aðkoma hans að rekstrinum á Reykjum er lögbundið hlutverk hans. Hann rifjaði einnig upp sögu félagsmálaskóla UMFÍ, en það er mikilvægt að kenna félagsmál í hreyfingunni. Nú liggi fyrir tillaga á þinginu að leggja „hann“ niður, en Vesturhlíð er eina félagið með beina aðild að UMFÍ. Hann tók svo fram að hann ætlaði ekki að fjalla um Þrastaskóg, en hreyfingin verður að fara að girða sig í brók um það hvað gera eigi með Þrastaskóg.

Ársreikningur UMFÍ 2024 borinn upp til samþykktar, samþykktur samhljóða

MÁL LÖGÐ FYRIR ÞINGIÐ

Þingforseti fór yfir hverja tillögu og lagði til í hvaða nefnd hver ætti að fara. Nefndirnar eru: Allsherjar- og laganefnd og Fjárhagsnefnd.

Allsherjar- og laganefnd.

Staðsetning: Aðalsalur.

Formaður: Þorvaldur Gröndal, UMSS.

Starfsmaður: Sigurður Guðmundsson og Aldís Baldursdóttir.

Fjárhagsnefnd

Staðsetning: Matsalur.

Formaður: Guðríður Aadnegard, HSK.

Starfsfólk: Einar Þorvaldur Eyjólfsson og Elísabet Hrunn Salvarsdóttir.

TILLÖGUR 54. SAMBANDSPINGS
PINGSKJAL NR. 1

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2026.

Yfirlit um rekstraráætlun 2026	2026 áætlun	2025 áætlun	2024 Raun
Rekstrartekjur			
Ríkisframlag	137.553.920	133.522.000	136.190.000
Lottó og getraunir	323.121.616	321.000.000	419.347.409
Þátttökugjöld	148.563.600	136.235.200	133.684.874
Aðrar tekjur	145.834.420	140.604.916	176.635.336
	755.073.556	731.362.116	865.857.619
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	238.819.766	227.016.000	188.547.129
Lottó til sambandsaðila	250.526.077	248.850.000	324.964.454
Annar rekstrarkostnaður	238.401.784	226.881.956	270.597.557
Veittir styrkir	23.700.000	26.700.000	41.371.922
Afskriftir	1.200.000	1.200.000	2.388.000
	752.647.626	730.647.956	827.869.062
Rekstramiðurstaða án fjármagnsliða	2.425.930	714.160	37.988.557
Fjármagnstekjur	23.300.000	20.650.000	36.122.415
Fjármagnsgjöld	-780.000	-1.200.000	-531.981
	22.520.000	19.450.000	35.590.434
Rekstramiðurstaða ársins	24.945.930	20.164.160	73.578.991

Yfirlit um rekstraráætlun 2026	Aðalsjóður	Reykir	Fræðsla og kynningarmál	Mótefnd og viðburðir	Fræðsla & verkefnasj.	Umhverfis-sjóður	2026 áætlun
Rekstrartekjur							
Ríkisframlag	62.353.920	10.200.000	45.000.000	20.000.000			137.553.920
Lottó og getraunir	300.923.103				22.198.513		323.121.616
Þátttökugjöld		134.353.600	600.000	13.610.000			148.563.600
Aðrar tekjur	27.500.000	87.384.420	15.900.000	13.850.000		1.200.000	145.834.420
	390.777.023	231.938.020	61.500.000	47.460.000	22.198.513	1.200.000	755.073.556
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	67.776.000	106.043.766	45.000.000	20.000.000			238.819.766
Lottó til sambandsaðila	250.526.077						250.526.077
Annar rekstrarkostnaður	65.324.550	117.627.234	26.360.000	28.540.000	500.000	50.000	238.401.784
Veittir styrkir	2.700.000				20.000.000	1.000.000	23.700.000
Afskriftir	1.200.000						1.200.000
	387.526.627	223.671.000	71.360.000	48.540.000	20.500.000	1.050.000	752.647.626
Rekstramiðurstaða án fjármagnsliða	3.250.396	8.267.020	-9.860.000	-1.080.000	1.698.513	150.000	2.425.930
Fjármagnstekjur	22.000.000				800.000	500.000	23.300.000
Fjármagnsgjöld	-780.000						-780.000
	21.220.000				800.000	500.000	22.520.000
Rekstramiðurstaða ársins	24.470.396	8.267.020	-9.860.000	-1.080.000	2.498.513	650.000	24.945.930

Vísað til:

Fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 2**ÞAKKARTILLÖGUR
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur, verndara hreyfingarinnar, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og þótti það sérstaklega vænt að fyrsta embættisverk í starfi hafi verið að koma á Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi.
- Ráðherra mennta- og barnamála, ríkisstjórn og Alþingi, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og því mikilvæga íþrótta- og æskulýðsstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar. Sérstakar þakkir eru fyrir skjót viðbrögð og stuðning við svæðastöðvar íþróttahreyfingarinnar og stofnun hvatasjóðs í samstarfi við ÍSÍ.
- Mennta- og barnamálaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra ásamt starfsfólki þessara ráðuneyta, ÍSÍ og ÍF þakkir fyrir stuðning við samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF; farsælt samfélag fyrir öll, brúum bilið.
- Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsfólki, þakkir fyrir gott samstarf á árinu. Þá hvetur Sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum.
- Stjórn og starfsfólki Íslenskrar Getspár og getrauna, þakkir fyrir góð störf, úthlutanir sem og aukaúthlutanir frá fyrirtækjunum til eignaraðila.
- Fulltrúum UÍA og sveitarfélagsins Múlaþings, þakkir fyrir góð störf í framkvæmdanefnd fyrir Unglingalandsmót UMFÍ 2025.
- Fulltrúum UÍF og sveitarfélagsins Fjallabyggðar, þakkir fyrir góð störf í framkvæmdanefnd fyrir Landsmót UMFÍ 50+.
- Fulltrúum ungmennafélagsins Aftureldingar, þakkir fyrir góð störf í undirbúningi Drulluhlaups.
- Æskulýðsvettvanginum og þeim samtökum sem mynda samstarfsvettvanginn; Bandalagi íslenskra skáta, KFUM & K og Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, þakkir fyrir vel unnin störf, góða samvinnu og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.
- Samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsstarfs, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og hvatningu til áframhaldandi góðs samstarfs.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÞINGSKJAL NR. 3**HVATNINGARTILLÖGUR
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

- 54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi til sambandsaðila:
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 27. Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 2026.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 15. Landsmót UMFÍ 50+ í Hrafnagilshverfi í Eyjafirði 2026.
- Hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum Rannís (Erasmus+) til að efla starfið á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér starfsemi og fræðslu samskiptaráðgjafa fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf.
- Hvetja sambandsaðila til að tryggja að allir sem starfi með börnum og ungmönnum í aðildarfélögum sínum uppfylli hæfisskilyrði skv. íþróttalögum um sakavottorð.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÞINGSKJAL NR. 4**ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA – LÝHEILSA OG FORVARNIR
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að efla lýðheilsu þjóðarinnar með því að hrinda af stað þjóðarátaki í lýðheilsu og forvörnum, þar sem kraftar íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar verða nýttir til fulls.

Áhersla skal lögð á að styrkja þátttöku og aðstöðu fyrir:

- íþróttir barna og ungmenna,
- hreyfingu og íþróttastarf fullorðinna,
- heilsueflandi æfingar fyrir eldri borgara.

Greinargerð:

Lýðheilsa er eitt mikilvægasta viðfangsefni samfélagsins og hefur bein áhrif á lífsgæði, velliðan og heilbrigði þjóðarinnar. Samkvæmt rannsóknum hefur regluleg hreyfing jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu, dregur úr líkum á alvarlegum sjúkdómum og eykur samfélagslega virkni og samheldni. Íþróttastarf á Íslandi hefur forvarnargildi eins og sýnt hefur verið fram á ítrekað í rannsóknum undanfarin ár.

Íþrótta- og ungmennafélagshreyfingin gegnir lykilhlutverki í þessu starfi. Hún er á landsvísu samtök með sterkar rætur í nærumhverfi fólks, þar sem áhersla er lögð á jafnræði, þátttöku og fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga á öllum aldri. Hreyfingin nýtur trausts í samfélaginu og hefur áratuga reynslu af því að skapa vettvang fyrir heilbrigða hreyfingu, félagslega þátttöku og uppbyggilegt starf.

Með því að virkja krafta íþrótta- og ungmennafélaganna enn frekar geta stjórnvöld stuðlað að:

- þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, sem leggur grunn að heilbrigðum lífsstíl,
- fjölbreyttu framboði á íþróttum fyrir fullorðna, sem styrkir bæði líkamlega og andlega heilsu, - markvissum heilsueflandi úrræðum fyrir eldri borgara, sem geta dregið úr einangrun og bætt lífsgæði.

Þannig er fjárfesting í hreyfingu og lýðheilsu ekki einungis til hagsbóta fyrir einstaklinga, heldur einnig fyrir samfélagið í heild, með minni heilbrigðiskostnaði, aukinni framleiðni og sterkari félagslegum tengslum.

Vísað til:


Allsherjar- og laganefndar

ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA - FJÁRMÖGNUN TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að styðja með öflugri hætti fjárhagslega við starfsemi UMFÍ og hækka fjárframlög svo þau haldi í við verðlagsþróun sem verið hefur undanfarin 15 ár. Þá skorar þingið einnig á stjórnvöld að hækka verulega framlag til ferðasjóðs fyrir íþrótt- og ungmennafélög.

Greinargerð:

Ríkisframlag til UMFÍ hefur nánast staðið í stað á undanförunum árum. Á sama tímabili hafa flestir kostnaðarþættir í rekstri UMFÍ farið ört hækkandi samhliða hárrí verðbólgu. Árið 2018 nam ríkisframlag til UMFÍ 129,6 m. kr. Árið 2025 nemur framlagið 137,5 m.kr. Ef framlagið hefði haldið í við þróun verðlags frá 2018 væri ríkisframlagið í dag tæpum 185 m. kr. Þegar þróunin frá 2008 er skoðuð kemur í ljós að framlagið árið 2008 var 123,4 m. kr. Ef það hefði haldið í við þróun verðlags væri ríkisframlagið í kringum 288 m. kr.



Sama þróun hefur átt sér stað varðandi framlag í ferðasjóð fyrir íþrótt- og ungmennafélög. Árið 2019 var úthlutað 127 m. kr. úr sjóðnum og í mars 2025 var 123,9 m. kr. úthlutað úr sjóðnum. Alls bárust 255 umsóknir frá 126 íþrótt- og ungmennafélögum úr 24 íþróttahéruðum vegna 3.211 ferða. Heildarupphæð

umsókna nam 757,6 m. kr. Af þessum tölum má dæma að mikil þörf er á auknu fjármagni í sjóðinn.

Vísað til:

Fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 6

ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA - ALMANNAHEILLAFÉLÖG TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að efla rekstrarumhverfi íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar með því að veita eftirfarandi ívilnanir til þeirra félaga sem eru skráð á almannaheillalista:

1. Endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kostnaðar við rekstur og starfsemi.
2. Endurgreiðslu tryggingargjalds af launum starfsfólks hjá félögunum.
3. Heimild fyrir verktöku fyrir einstaklinga að því marki að allt að 50% af tekjum þeirra geti komið frá viðkomandi félagi.
4. Námsfólk fái heimild til verktöku óski það þess, til að auðvelda þátttöku og sveigjanleika í starfi hjá félögunum.
5. Tryggja að sjálfbóðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð á rekstri, skuldbindingum eða alvarlegum atvikum í starfsemi félaganna.

Greinargerð:

Íþrótt- og ungmennafélagshreyfingin er einn öflugasti sjálfbóðaliðavettvangur landsins og hefur í áratugi verið burðarás í lýðheilsu, uppeldi og félagsstarfi þjóðarinnar. Þrátt fyrir gífurlegt samfélagslegt gildi hreyfingarinnar er rekstrarumhverfi félaganna oft íþyngjandi og ótryggt. Því er brýnt að bregðast við með markvissum ívilnunum.

1. Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Mikilvæg útgjöld félaganna, svo sem vegna húsnæðis, búnaðar og vörukaupa, bera virðisaukaskatt sem er verulegur kostnaðarliður. Endurgreiðsla VSK myndi tryggja félögunum aukið svigrúm til að efla starfsemi sína og nýta fjármagn beint í hreyfingu og samfélagsstarf, í stað skattgreiðslna. Slíkar endurgreiðslur eru t.d. þekktar í Noregi og fleiri löndum sem við berum okkur oft saman við.

2. Endurgreiðsla tryggingargjalds af launum starfsfólks

Tryggingargjaldið er þungur kostnaður fyrir félög sem þegar starfa á viðkvæmum fjárhagsgrundvelli. Með því að afnema það af launum starfsfólks í íþrótt- og ungmennafélögum væri dregið úr launakostnaði og gert kleift að ráða fleira fagfólk til að styðja við sjálfbóðastarf og efla gæði í starfi.

3. Heimild til verktöku að hluta

Félögin byggja víða á tímabundinni ráðningu einstaklinga í verkefni, t.d. þjálfara. Með því að heimila að allt að 50% af tekjum einstaklinga geti komið frá verktöku hjá viðkomandi félagi er skapaður sveigjanleiki sem hentar bæði félögunum og einstaklingunum.

4. Heimild námsfólks til verktöku

Námsfólk tekur gjarnan virkan þátt í starfi félaganna, sérstaklega í hlutastörfum og tímabundnum verkefnum. Með því að heimila námsfólki að velja verktökuform er tryggt að þátttaka þess verði raunhæf, sveigjanleg og aðgengileg, án óhagræðis fyrir félögin eða einstaklingana.

5. Vernd sjálfbóðaliða

Starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga stendur og fellur með óeigingjörnu starfi sjálfbóðaliða. Núverandi fyrirkomulag getur skapað óvissu um persónulega ábyrgð þeirra ef upp koma rekstrarerfiðleikar eða alvarleg atvik. Nauðsynlegt er að tryggja í lögum að sjálfbóðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð, heldur sé ábyrgðin á herðum lögaðila. Þetta mun styrkja öryggi sjálfbóðaliða og hvetja fleiri til þátttöku í stjórnar- og félagsstörfum.

Með þessum ívilnunum er ekki aðeins tryggt að félögin geti staðið undir sífellt vaxandi verkefnum, heldur er líka fjárfest í lýðheilsu, menntun og félagslegri samheldni þjóðarinnar. Samfélagslegur ávinningur af öflugu starfi íþrótt- og ungmennafélaga er margfaldur miðað við þann kostnað sem slíkar aðgerðir mundu hafa í ríkisfjármálum.

Vísað til:

Fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 7**ÁSKORUN SVÆÐISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHÉRAÐA
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir áskorun til stjórnvalda um stuðning við svæðisstöðvar íþróttahéraða. Þingið skorar á Alþingi að tryggja áframhaldandi fjármagn til rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða og Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar næstu ár og að framlagið verði fest inni í fjárlagagerð hvers árs.

Greinargerð:

- Tillagan er lögð fram í tengslum við þá ákvörðun stjórnvalda að veita ÍSÍ og UMFÍ sameiginlega 400 m.kr. fjárframlag árið 2023 til tveggja ára. Framlögin voru nýtt til þess að setja á laggirnar svæðisstöðvar íþróttahéraða og stofna hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar.
- Í samningi sem undirritaður var í desember 2023 kemur fram að afstaða til framhalds fjármögnunar skuli liggja fyrir í ágúst 2025. Þegar þessi greinargerð er rituð liggur sú afstaða enn ekki fyrir.
- Svæðisstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki í því að styðja við og efla starfsemi íþróttahéraða, veita faglega ráðgjöf og styrkja innviði hreyfingarinnar í þágu barna og ungmenna um allt land.
- Hvatasjóðurinn hefur reynst mikilvægur til að styðja við nýsköpun, þróunarverkefni og aukið aðgengi að íþróttastarfi.
- Til að þessi verkefni skili varanlegum árangri þarf fjármögnun þeirra að vera tryggð til framtíðar. Það er nauðsynlegt að framlögin verði fest í fjárlögum hvers árs, þannig að byggja megi upp stöðuga starfsemi sem hreyfingin og samfélagið allt getur treyst á.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÞINGSKJAL NR. 8

SAMSKIPTARÁÐGJAFI Í ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFI TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs verði nýtt vegna atvika sem upp kunna að koma í starfi hjá UMFÍ, sambandsaðila þess og aðildarfélaga.

Þingið skorar jafnframt á embætti samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs að útbúa siðareglur fyrir íþróttá- og æskulýðsstarf. UMFÍ leggur áherslu á að samskiptaráðgjafi geti nýtt siðareglur Æskulýðsvettvangsins sem grunn í þeirri vinnu. UMFÍ starfar nú þegar eftir þeim reglum ásamt öðrum samtökum sem mynda samstarfsvettvanginn, þ.e. KFUM&K á Íslandi, Bandalagi íslenskra Skáta og Slysavarnarfélaginu Landsbjörg.

Greinargerð:

Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja öruggt, heilbrigt og uppbyggilegt starfsumhverfi alla sem taka þátt í íþróttá og æskulýðsstarfi.

UMFÍ og fleiri samtök komu að gerð viðbragðsáætlunarinnar á sínum tíma ásamt sérfræðingum í málaflokknum. Hún er lykilverkfæri til að bregðast skýrt og samræmt við þegar upp koma atvik, svo sem einelti, áreitni eða önnur alvarleg samskipta- og trúnaðarmál.

Siðareglur eru einnig nauðsynlegt grunnplagg fyrir allt starf innan hreyfingarinnar og fer best á því að þær séu sameiginlegar fyrir allt starfið. Þær setja fram sameiginleg viðmið um virðingu, ábyrgð og velferð þátttakenda. Með því að byggja á siðareglum Æskulýðsvettvangsins er til staðar grunnur sem þegar hefur verið mótaður í samvinnu helstu æskulýðssamtaka landsins, sem eykur trúverðugleika, einfaldar innleiðingu og uppfærslu.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

HAGRÆN ÁHRIF ÍPRÓTTA - ÚTTEKT TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að fela stjórn UMFÍ í samstarfi við ÍSÍ að fá ríkisvaldið með hreyfingunni í þá vegferð að greina hagræn áhrif íþróttar á samfélagið.

Lagt er til að farið verði í greiningar á eftirfarandi þáttum:

- a. Efnahagsleg áhrif
- b. Félagsleg áhrif
- c. Heilsufarleg áhrif
- d. Samfélagslegt mikilvægi

Greinargerð:

Stjórnvöld hafa á undanförunum árum ráðist í ýmsar ítarlegar úttektir á tilteknum málaflokkum, má þar nefnda úttekt á tónlistarskólum sem kom út á vegum Mennta og barnamálaráðuneytis haustið 2025.

Starfsemi ÍSÍ og UMFÍ og aðildarfélaga þeirra er ekki lögbundin, þó beggja samtaka sé getið í íþróttalögum. Það gerir starfsemina og fjárveitingar til hennar viðkvæmar fyrir niðurskurði. Mikilvægt því að framlag hreyfingarinnar til samfélagsins sé sýnilegt og viðurkennt, og að fleiri ráðuneyti taki virkan þátt í málaflokknum, enda snertir hann marga aðra málaflokka, svo sem heilbrigðismál, félagsmál og byggðamál.

Greining á áhrifum starfsins er nauðsynleg til að skapa traustar forsendur fyrir framtíðarfjármögnun og stefnumótun. Íþróttir og skipulagt félagsstarf veita lausnir á fjölmörgum samfélagslegum áskorunum nútímans. Eitt dæmi er ofnotkun skjáa, en á meðan íþróttæfingu stendur er einstaklingurinn virkur í félagslegu, líkamlegu og andlegu samhengi, án truflunar frá snjalltækjum.

Líkamleg, andleg og félagsleg áhrif íþróttar hafa verið margítrekað staðfest í rannsóknum. Þær sýna jafnframt að fjárfesting í íþróttum skilar sér margfalt til baka í sparnaði og ábata fyrir samfélagið. Tölur sem nefndar hafa verið í erlendum og innlendum rannsóknum sýna að fyrir hverja krónu sem fjárfest er í íþróttum skila sér að minnsta kosti 3–8 krónur aftur til samfélagsins, m.a. í formi betri heilsu, minni heilbrigðiskostnaðar, aukinnar framleiðni og sterkari félagslegrar samhaldni.

Nauðsynlegt er að taka saman þessi gögn, greina aðstæður og áskoranir í starfseminni, og byggja þannig upp traustar forsendur fyrir að starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga geti þróast áfram til hagsbóta fyrir einstaklinga og samfélagið allt.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÞINGSKJAL NR. 10

ALLIR MEÐ TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að hvetja sambandsaðila, til öflugs samstarfs um verkefnið Allir með. Þingið hvetur jafnframt stjórnvöld til að tryggja áframhaldandi fjárhagslegan stuðning við verkefnið.

Greinargerð:

Verkefnið Allir með hefur það að markmiði að efla þátttöku barna og ungmenna með fatlanir í skipulögðu íþróttastarfi og stuðla þannig að aukinni hreyfingu, félagslegri þátttöku og bættri heilsu. Markviss samvinna sambandsaðila UMFÍ um verkefnið skapar sterkari grunn að því að byggja upp þekkingu, innviði og starfshætti sem nýtast um allt land. Með því er stigið mikilvægt skref í átt að samfélagi þar sem öll börn og ungmenni hafa raunveruleg jöfn tækifæri til þátttöku.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÁFENGSSALA Á ÍPRÓTTAVIÐBURÐUM

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, eftirfarandi leiðbeinandi tilmæli til ípróttafélaga vegna áfengissölu á ípróttaviðburðum.

Markmið tilmælanna er að tryggja að sala áfengis á viðburðum ípróttafélaga sé í samræmi við lög og reglur, að tekið sé mið af samfélagslegri ábyrgð félaganna og að hugað sé sérstaklega að öryggi barna og ungmenna.

Samkvæmt íslenskum lögum er sala áfengra drykkja hvort sem hún er á vegum ípróttafélaga eða annarra leyfisskyld. Einungis sýslumenn geta veitt slík leyfi með útgáfu rekstrar- eða tækifærisleyfa að fenginni umsögn hlutaðeigandi sveitarstjórnar, slökkviliðs, heilbrigðisnefndar, byggingarfulltrúa, vinnueftirlits og lögreglu.

Í einhverjum tilfellum hefur borið á misbresti í þessum efnum, meðal annars á viðburðum ípróttafélaga, þar sem sala áfengra drykkja átt sér stað án þess að viðeigandi leyfi hafi verið fyrir hendi eða framkvæmdin ekki verið í samræmi við skilyrði laga, sem er miður. Ber félögum að bæta úr slíkum misbrest án tafar.

Ípróttafélög eru máttarstólpar í uppeldis- og forvarnarstarfi á Íslandi, njóta mikils trausts og bera því ríka samfélagsábyrgð. Það er því sérstaklega mikilvægt að félögin fylgi viðeigandi reglum í hvívetna í allri sinni starfsemi og séu öðrum til fyrirmyndar.

Ljóst er að sala áfengra drykkja á enga samleið með barna og uppeldisstarfi en taka verður tillit til þess að starfsemi fjölmargra ípróttafélaga er miklu viðameiri en svo að hún snúi einungis að börnum og unglingum. Víða sinna ípróttafélög mjög mikilvægu félagslegu hlutverki og eru viðburðir félaganna, hvort sem er átt við kappleiki meistaraflökka eða önnur hátíðarhöld, jafnan með fjölmennustu mannamótum hvernar sveitar. Viðburðir ípróttafélaga eru jafnframt hluti af afþreyingarmarkaði og þurfa því að standast samanburð við aðra menningar- og afþreyingarviðburði, bæði hvað varðar þjónustu og skipulag.

UMFÍ beinir þeim tilmælum til ípróttafélaga sem fengið hafa útgefin viðeigandi leyfi að þau sýni fyllstu varkárni og ábyrgð þegar kemur að sölu áfengra drykkja á viðburðum sínum. Á þetta sérstaklega við á kappleikjum þar sem börn og ungmenni eru meðal áhorfenda.

Í þeim tilgangi að tryggja að upplifun allra gesta verði sem best og stuðla að sátt ríki um ólíka þjónustuþætti og tekjuöflun félaganna, er mikilvægt að komið sé til móts við ólíka hópa stuðningsmanna.

Með ofangreint í huga hvetur UMFÍ félög, sem hafa tilskilin leyfi til sölu áfengra drykkja, að auk almennra skilyrða laga hafi þau eftirfarandi leiðbeiningar að leiðarljósi og fylgi þeim eftir eins og kostur er þar sem því verður við komið.

UMFÍ mælist til þess að:

- Sala áfengra drykkja fari ekki fram á sama sölustað og börn og ungmenni versla aðrar vörur eða veitingar.
- Dregið sé úr sýnileika áfengra drykkja eins og kostur er.
- Boðið sé upp á sérstök „fjölskyldusvæði“ í áhorfendastúkum eða á áhorfendapöllum þar sem ölvun eða meðhöndlun áfengis er með öllu óheimil.
- Sé það á annað borð heimilt að bera drykki inn í áhorfendastúku eða á áhorfendapalla verði viðeigandi gæsla til taks innan slíks svæðis.
- Gæsla sé ávallt til fyrirmyndar og þeir einstaklingar sem sinna því hlutverki séu vel til þess fallnir og aldrei yngri en 20 ára.
- Ávallt sé þess gætt að frágangur, tiltekt og þrif séu til fyrirmyndar. Ekki séu ummerki um sölu áfengra drykkja í mannvirkjum þegar starfsemi ungmenna fari fram. Þá séu hirslur og geymslur kyrfilega læstar og aðgengi að þeim sé stýrt vel.

UMFÍ minnir á að gæsla, umgjörð og umgengi er ávallt á ábyrgð þess sem að sölu veitinga stendur og á ekki að vera íþyngjandi fyrir annað starfsfólk íþróttamannvirkja. Þá eru íþróttafélög hvött til þess að vera í góðum samskiptum bæði við yfirvöld en jafnframt sín á milli og miðla og læra af reynslu hvers annars.

Greinargerð:

Á sambandsráðsfundi UMFÍ 2024 var samþykkt að skipa starfshóp í tengslum við sölu áfengis á íþróttaviðburðum. Hópnum var falið að skila tillögu inn á þing 2025.

UMFÍ leggur áherslu á að íþróttahreyfingin í heild sinni gefi út tilmæli og á þingi ÍSÍ í vor var samþykkt tillaga um nefnd um þessi mál. Þetta er innlegg í þá vinnu af hálfu UMFÍ með ósk um náið samstarf við ÍSÍ um málið.

Nánari útfærsla á ýmsum þáttum er lúta að skilgreinum eins og gæslu og umgjörð fjölskyldusvæðis verði unnið í samstarfi við starfshóp ÍSÍ um þessi mál.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÍSLENSKAR GETRAUNIR TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að grípa til aðgerða til að loka á auglýsingar og starfsemi erlendra spilafyrirtækja sem ekki hafa leyfi til starfsemi hér á landi.

Þá felur þingið UMFÍ að standa fyrir fræðslu innan hreyfingarinnar um veðmál með áherslu á forvarnir og ábyrga spilun.

Greinargerð:

Íslenskar getraunir eru eina fyrirtækið á Íslandi sem hefur lögbundið starfsleyfi á sviði íþróttaveðmála. Þrátt fyrir það starfa hér á landi fjöldi erlendra fyrirtækja án leyfis og auglýsa starfsemi sína.

Ágóði af rekstri Íslenskra getrauna rennur til aðildarfélaga ÍSÍ og UMFÍ og styrkir þar með uppbyggingu íþrótta- og æskulýðsstarfs um land allt. Á hinn bóginn fer ágóði erlendra spilafyrirtækja allur úr landi. Talið er að um sé að ræða fjárhæðir sem nema milljörðum króna á ári hverju.

Á ráðstefnu sem haldin var veturinn 2024-2025 um veðmálastarfsemi kom fram að veðmálafíkn er vaxandi vandamál í nágrennalöndunum og eru vísbendingar um að sama þróun sé hafin hér á landi. Mikilvægt er að grípa til aðgerða með fræðslu og forvarnarstarfi, sem og skýrum takmörkunum á ólöglegum söluleiðum.

Á sömu ráðstefnu var jafnframt farið yfir rannsókn sem sýndi að engin tengsl væru á milli spilavanda þeirra leikja sem íslenskar getraunir bjóða upp á. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að vernda leyfisbundna starfsemi, styrkja eftirlit með markaðnum og tryggja að tekjur haldist innanlands í þágu samfélagslegrar uppbyggingar.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÞINGSKJAL NR. 13**ENDURSKOÐUNARFÉLAG
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að BDO ehf. sjái um endurskoðun UMFÍ fyrir árið 2026 og 2027.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í samræmi við 9. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að á meðal verkefna þings sé að kjósa endurskoðunarfélag samtakanna.

Vísað til:

Fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 14**ÁRGJALD
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að árgjald af skattskyldum félögum árið 2026 verði 0 kr.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í samræmi við 7. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að meðal verkefna þings sé að ákveða árgjald sambandaðila og aðildarfélaga.

Vísað til:

Fjárhagsnefndar

SAMSTARF VIÐ ÍSÍ TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að óska eftir auknu samstarfi við ÍSÍ á sviði fræðslu, almenningsíþróttar, lýðheilsu og sjálfbærismála. Markmið samstarfsins er að vinna áfram að þessum málaflokkum og áherslum þvert á bæði samtök þar sem báðir aðilar leggja til mannauð og fjármagn.

Verkefni og verksvið verði skilgreind í samstarfssamningi á milli aðila. Með því móti verði unnið að því að bæta umgjörð íþróttastarfsins með markvissri nýtingu fjármagns og mannauðs, til betri árangurs. Með þessari nálgun eru samtökin jafnframt að bregðast við áskorunum bæði frá íþróttahreyfingunni sjálfri og frá stjórnvöldum.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í framhaldi af samtölum og vaxandi samstarfi milli ÍSÍ og UMFÍ á undanförunum árum. Samstarfið hefur þegar sýnt að með sameiginlegri nálgun má ná meiri slagkrafti í málaflokkum sem varða bæði íþróttahreyfinguna og samfélagið allt.

Tillagan var unnin í sameiningu af ÍSÍ og UMFÍ og er þegar samþykkt á þingi ÍSÍ í vor. Með henni er lögð áhersla á að byggja ofan á þann grunn sem þegar hefur verið myndaður.

Í samningi ÍSÍ og UMFÍ við Mennta- og barnamálaráðuneytið er jafnframt kveðið á um að samtökin komi með sameiginlegar tillögur að aðgerðum sem styðja við þróun íþróttastarfs. Með því að efla samstarf á sviði fræðslu, almenningsíþróttar, lýðheilsu og sjálfbærismála er stigið mikilvægt skref í átt að því að tryggja að fjármagn og mannauður nýtist sem best, efla faglegt starf innan hreyfingarinnar og skapa skýrari ramma um verkaskiptingu.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

STEFNUMÓTUN TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að UMFÍ fari, í samráði við ÍSÍ, af stað í samráði í heildarstefnumótun fyrir íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna.

Markmið stefnumótunarinnar er að:

- Skilgreina skýrara hlutverk innan og milli hreyfinganna, sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra
- Skilgreina óskir og forgangsmál hreyfingarinnar varðandi aðkomu ríkis og sveitarfélaga
- Leggja fram sameiginlega framtíðarsýn um hlutverk og ábyrgð íþróttahreyfingarinnar í íslensku samfélagi.

Greinargerð:

Samtökin eiga í vaxandi samstarfi sem kallar á stefnumótun. Í samningi við Mennta- og barnamálaráðuneytið er einnig kveðið á um að ÍSÍ og UMFÍ leggi fram tillögur sem miða að því að styrkja forsendur og innviði íþróttastarfs í landinu. Þessi samþykkt er liður í því að uppfylla þá skuldbindingu.

Heildarstefnumótun gerir hreyfingunni kleift að bregðast við áskorunum sem fram undan eru með skýrari verkaskiptingu, aukinni samvinnu og betri nýtingu fjármagns og mannauðs. Með því að horfa til heildarinnar verður einnig tryggt að sjónarmið allra hluta hreyfingarinnar, sambandsaðila og aðildarfélaga komi fram og verði hluti af framtíðarsýninni.

Slík stefnumótun mun jafnframt styrkja stöðu hreyfingarinnar gagnvart stjórnvöldum. Þegar liggur fyrir skýr framtíðarsýn, forgangsöröðun og afstaða til hlutverka ríkis og sveitarfélaga í starfseminni, er unnt að eiga markvissari samtal við stjórnvöld um stuðning, fjármögnun og ábyrgð.

Með þessari vinnu er lagður grunnur að því að íþrótta- og ungmennafélagahreyfingin geti starfað áfram af festu, skilað meiri árangri og þjónað samfélaginu á skipulegan og sjálfbæran hátt til framtíðar.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

**LÖG OG REGLUGERÐIR SAMBANDSAÐILA
TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, hvetur sambandsaðila til þess að setja úrræði og/ eða viðurlög inn í lög og/eða reglugerðir hjá sér varðandi óvirk aðildarfélög og félög sem ekki skila starfsskýrslum í skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

Greinargerð:

Starfsskýrslur eru grundvallarupplýsingar um umfang og eðli starfs aðildarfélaga innan hreyfingarinnar. Þær nýtast bæði við stefnumótun, í upplýsingagjöf til stjórnvalda og sem forsenda fyrir úthlutun fjárframlaga. Þegar félög skila ekki inn starfsskýrslum verður myndin af starfsemi hreyfingarinnar skökk og það getur leitt til skekkju í úthlutun fjármuna og dregið úr trúverðugleika gagnvart stjórnvöldum og samstarfsaðilum.

Óvirk félög, sem ekki ganga frá skilum eða eru í reynd ekki starfandi, geta jafnframt haft áhrif á lýðræðislegt starf innan sambanda og hreyfingarinnar í heild. Nauðsynlegt er því að sambandsaðilar hafi skýr úrræði og/eða viðurlög í sínum lögum og reglugerðum til að bregðast við slíkum aðstæðum.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

REGLUGERÐ UM LOTTÓ OG LOTTÓÚTHLUTANIR

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir.

Greinargerð:

Nýt reglugerð tók gildi á árinu 2024. Við greiðslur til sambandsaðila um áramót kom í ljós að hagstofan birtir ekki tölur fyrir 31. desember fyrr en 3-4 mánuðum síðar. Mikilvægt er að tölur séu einungis uppfærðar einu sinni á ári og ekki þurfi að fara í aðgerðir til að leiðrétta úthlutun síðar á árinu. Það er ástæða þess að lagt er til að viðmiðunartölur séu uppfærðar einu sinni á ári, og notast sé við þær tölur sem eru til staðar í byrjun hvers árs.

Einnig hefur komið fram í umræðum fjárhags- og greiningarnefndar og stjórnar UMFÍ hugmyndir um breytingar á reglugerð fræðslu- og verkefnasjóðs á þann hátt að UMFÍ geti ekki sótt í sjóðinn lengur. Af þeim sökum er lögð til breyting á hlutfalli í sjóðinn um 2% og þau fari til UMFÍ í sameiginleg verkefni fyrir sambandsaðila. Hugmyndir eru uppi um að fjármagnið geti t.d. nýst í að greiða fyrir fulltrúa sambandsaðila á þing, í sameiginleg verkefni eins og aðgang að bókhaldskerfi og þ.h.

Til upplýsinga. Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr reglugerðinni og undirstrikaður texti er nýr.

Lottóreglur og lottóúthlutanir

I. Skipting lottótekna UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- ~~14%~~ 16% til UMFÍ.
- ~~7%~~ 5% til fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna til sambandsaðila UMFÍ

- Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:
- 15% til reksturs ~~svæðisskrifstofa~~ svæðisstöðva íþróttahéraða.
- 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri ~~31. desember næstliðins árs.~~

III. Regla vegna skiptingar til reksturs ~~svæðisskrifstofa~~ svæðisstöðva íþróttahéraða

- Úthlutun á hluta til reksturs ~~svæðisskrifstofa~~ svæðisstöðva íþróttahéraða er ekki háð skilyrðum.

IV. Regla vegna skiptingar til sambandsaðila

- Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutur þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

Eigi íþróttahérað ekki aðild að UMFÍ skal hlutur þess reiknaður í samræmi við reglurnar um íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs. Hlutdeild íþróttahéraðsins er deilt út til UMFÍ en áður skal taka tillit til þess að ef innan íþróttahéraðsins sé félag með beina aðild að UMFÍ þá fær viðkomandi félag fjárhæð sem nemur hlutdeild þess af iðkendum 18 ára og yngri innan íþróttahéraðsins skv. nýjustu starfsskýrsluskilum í skilakerfi íþróttahreyfingarinnar.

V. Um úthlutun

- Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Fyrirvari

- Þessar breytingar taka gildi eftir að samningar nást við ríkisvaldið um að það leggi fram sambærilegan fjárhagslegan stuðning til svæðisskrifstofa íþróttahéraða, m.a. með vísan til farsældarlaga nr. 86/2021. Fram til þess tíma gilda áðurgildandi reglur. Hafi samkomulag milli UMFÍ, ÍSÍ og stjórnvalda ekki náðst fyrir sambandsþing UMFÍ 2025, skal sambandsþing þá taka afstöðu til framhalds málsins.
- Sé fjármögnun til svæðisstöðva íþróttahéraða frá ríkisvaldi ekki framlengd skal taka afstöðu til framhalds málsins á sambandsráðsfundi 2026.

* Notast skal við útgefnar tölur frá Hagstofu Íslands í janúar ár hvert og greitt út eftir þeim út árið.

Samþykkt á 543. Sambandsþingi UMFÍ 2023 í ~~Haukadal~~. 2025 í Stykkishólmi

Vísað til:

Fjárhagsnefndar

LAGABREYTINGAR TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum UMFÍ.

Greinargerð:

Laganefnd UMFÍ hefur farið yfir lög sambandsins í heild sinni og tekið saman tillögur um breytingar til stjórnar UMFÍ sem leggur tillögurnar fram til þingsins. Tillögurnar eru unnar með það að markmiði að:

- tryggja að lögin endurspegli núverandi starfsemi og verkefni UMFÍ,
- einfalda og skýra ákvæði þar sem þörf er á,
- og styrkja lagalegan grundvöll fyrir framtíðarstarf hreyfingarinnar.

Með samþykkt þessarar tillögu er UMFÍ að tryggja að lög sambandsins séu í takt við nútímakröfur og styðji með skýrum hætti við hlutverk UMFÍ, sambandsaðila og aðildarfélaga.

Til upplýsinga. Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr lögunum og undirstrikaður texti er nýr. Í fyrsta dálk er eldri lagagrein og það sem strikast út. Í dálk 2 eru tillögur að nýjum texta og í dálk 3 er rökstuðningur fyrir breytingunni.

Lög Ungmennafélags Íslands

1. Kafli: Nafn, fáni og kjörorð

Eldri lagagrein

Ný lagagrein

Rökstuðningur

1. grein Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.	Óbreytt	
2. grein Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti	Óbreytt	

ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.		
--	--	--

II. Kafli: Hlutverk UMFÍ

3. grein Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykkttri stefnu UMFÍ eins og hún er hverju sinni með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum: - Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi. - Standa fyrir iðkun íþróttar og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu. - Starfa í anda friðar og jafnréttis. - Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum. - Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd. - Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.	3. grein Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykkttri stefnu UMFÍ sem skal vera staðfest á sambandsþingi, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum: - Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi. - Standa fyrir iðkun íþróttar og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu. - Starfa í anda friðar og jafnréttis. - Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum. - Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd. - Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.	Orðalagsbreytingar.
--	--	----------------------------

- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, áttthaga og ættjörð.	- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, áttthaga og ættjörð.	
---	---	--

III. KAFLI: RÉTTINDI OG SKYLDUR

4. grein UMFÍ skiptist í íþróttahéruð. Einnig geta ungmenna- og íþróttafélög innan íþróttahéraða sem ekki eru aðilar að UMFÍ gerst aðilar.	4. grein Sambandsaðilar UMFÍ eru íþróttahéruð. Aðildarfélög UMFÍ eru þau félög sem eru í íþróttahéruðum.	Þar sem öll íþróttahéruð eru nú aðilar að UMFÍ þá er textinn uppfærður til samræmis við það.
5. grein Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja félögum og samböndum úr UMFÍ.	5. grein Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku. Sambandsþing hefur rétt til að víkja íþróttahéruðum úr UMFÍ, með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.	Orðalagsbreytingar og ítarlegri útlistun.
6. grein Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi. Skal segja til þess á sambandsþingi UMFÍ. Aðili sem gengið hefur úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til	6. grein Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi tillaga þess efnis tillaga þess efnis. Skal sú úrsögn lögð fyrir næsta Sambandsþing UMFÍ og taka gildi frá þeim degi sem sambandsaðili samþykkti úrsögn. Aðili sem gengið hefur úr eða verið vikið úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til	Orðalagsbreytingar og ítarlegri útlistun.

sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.	sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.	
7. grein Hver aðildarfélag innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félaga eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Sambandsfélögin semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert.	7. grein Hver sambandsaðili innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félaga eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skattskyldur félagi telst vera sá einstaklingur sem skráður er í félagatal og nær 16 ára aldri á almanaksárinu. Sambandsaðilar semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert eða eftir atvikum innan annars tilgreinds frests sem stjórn UMFÍ hefur staðfest.	Þar sem sambandsaðilar eiga aðild að UMFÍ þykir eðlilegra að árgjöld séu greidd af þeim frekar en aðildarfélögum. Ítarlegri útlistun á hvað skattskyldur félagi er þar sem oft á tíðum er spurt að því.
8. grein Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.	Óbreytt	

IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

9. grein Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember	9. grein Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og	
---	--	--

annað hvert ár. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings. Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í skráningarkerfi UMFÍ, sem skal skila í síðasta lagi 15. apríl það ár sem þing er haldið, sem hér segir: 1 fulltrúa fyrir 1 - 200 skattskylda félaga. 2 fulltrúa fyrir 201 - 1999 skattskylda félaga. 3 fulltrúar fyrir 2000 - 2999 skattskylda félaga. 4 fulltrúar fyrir 3000 - 3999 skattskylda félaga. 5 fulltrúar fyrir 4000 - 4999 skattskylda félaga. 6 fulltrúar fyrir 5000 - 5999 skattskylda félaga. 7 fulltrúar fyrir 6000 - 6999 skattskylda félaga. 8 fulltrúar fyrir 7000 - 7999 skattskylda félaga. 9 fulltrúar fyrir 8000 - 8999 skattskylda félaga.	skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings. Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í félagaskýrslukerfi UMFÍ, sem skal skila í síðasta lagi innan tilgreinds tímafrests það ár sem þing er haldið, sem hér segir: 1 fulltrúa fyrir 1 - 200 skattskylda félaga. 2 fulltrúa fyrir 201 - 1999 skattskylda félaga. 3 fulltrúar fyrir 2000 - 2999 skattskylda félaga. 4 fulltrúar fyrir 3000 - 3999 skattskylda félaga. 5 fulltrúar fyrir 4000 - 4999 skattskylda félaga. 6 fulltrúar fyrir 5000 - 5999 skattskylda félaga. 7 fulltrúar fyrir 6000 - 6999 skattskylda félaga.	
---	--	--

10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félaga. Þingfulltrúar félaga með beina aðild geta að hámarki verið 7 en 10 fulltrúar frá öðrum sambandsaðilum. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir. Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa. Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera: Ræða skýrslur liðins kjörtímabils. Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Marka stefnu UMFÍ á komandi árum. Kjósa formann UMFÍ, 6 einstaklinga í stjórn og 4 í varastjórn. Kjósa 5 einstaklinga og 2 til vara í kjörnefnd. Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs. Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ. Aukaping er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess og skal það þá boðað eftir lögum um boðun Sambandsþings.	8 fulltrúar fyrir 7000 - 7999 skattskylda félaga. 9 fulltrúar fyrir 8000 - 8999 skattskylda félaga. 10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félaga. Þingfulltrúar geta að hámarki verið 10 fulltrúar. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir. Komi til sameiningar íþróttahéraða þá skal það ekki leiða til þess að þau íþróttahéruð sem sameinast fái færri þingfulltrúa á næsta Sambandsþingi en þau höfðu samanlagt á síðasta Sambandsþingi. Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa. Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera: Ræða skýrslur liðins kjörtímabils. Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.	í umræðu um sameiningu íþróttahéraða hefur komið fram að takmarkandi þáttur sé fólgin í atkvæðavægi og því brugðist við því með þessu ákvæði. Sambærilegt ákvæði er að finna í lögum ÍSÍ. Textinn færður úr upptalningu í fyrirsögn. Hlutverkum bætt við upptalningu í samræmi við þau verkefni sem lögð eru fram á þingi. Orðalagsbreyting og ítarlegri útlistun.
--	---	--

	Marka stefnu UMFÍ á komandi árum. <u>Afgreiða tillögur.</u> <u>Staðfesta stefnu UMFÍ hverju sinni.</u> <u>Lagabreytingar</u> <u>Kjósa stjórn</u> <u>Kjósa kjörnefnd</u> Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs. Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ. Aukaþing <u>skal</u> boða <u>innan tveggja vikna</u> ef 2/3 <u>af fjölda</u> sambandsaðila óska þess <u>með skriflegum hætti</u> og <u>skal halda þingið eigi síðar en tveimur vikum frá boðun.</u> Einnig <u>getur stjórn boðað til aukaþings.</u> <u>Fulltrúafjöldi á aukaþingi skal vera sá sami og á síðasta lögþingi.</u>	
10. grein Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar. Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem	10. grein Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar. Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna	

sambandsþing UMFÍ er ekki haldið. Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera: Ræða skýrslur næstliðins árs. Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu. Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs. Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga. Auk sambandsráðsfund er hægt að boða ef 2/3 sambandsaðila óska þess. Einnig getur stjórn kallað til auka sambandsráðsfundar og skal fundurinn boðaður eftir lögum um boðun sambandsráðsfundar og skal fundarefni getið í fundarboði.	fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem sambandsþing UMFÍ er ekki haldið. Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera: Ræða skýrslur næstliðins árs. Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu. Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs. Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.	Textinn tekinn út þar sem í þessu tilfelli yrði boðað til aukapings og því þessi texti talinn óþarfur.
11. grein Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum. Kosning stjórnar skal vera skrifleg. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir í stjórn í einu lagi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa sex	11. grein Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum <u>sem kosnir eru til fjögurra ára.</u> Kosning stjórnar skal vera skrifleg <u>eða rafræn.</u> Formaður skal kosinn sérstaklega, <u>á öðru hvoru</u>	

einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa <u>fjórir</u> einstaklingar og <u>skal hún kosin í einu lagi</u>. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa <u>fjóra</u> einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til varastjórnarkjörs. <u>Atkvæðafjöldi ræður röð varamanna og skal</u> á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar <u>dregið um röð þeirra. séu atkvæði jöfn.</u> Sambandsþing UMFÍ skal kjósa <u>fimm</u> einstaklinga í kjörnefnd <u>og tvo til vara</u>, sem starfar til loka næsta Sambandsþings. Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar. Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur	<u>Sambandsþingi. Til að formaður hljóti kosningu þarf frambjóðandi að hljóta meirihluta greiddra atkvæða nema hann sé einn í framboði en þá telst hann sjálfkjörinn. Ef slík niðurstaða fæst ekki í fyrstu umferð er kosið aftur milli þeirra tveggja frambjóðenda sem flest atkvæði fengu í fyrri umferð.</u> <u>Kjósa skal aðra stjórnarmenn í einu lagi.</u> Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa <u>þrjá</u> einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs. Varastjórn skipa <u>tveir</u> einstaklingar og <u>skal einn kosinn á hverju Sambandsþingi til fjögurra ára</u>. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa <u>einn</u> einstaklinga sem gefið hefur kost á sér til varastjórnarkjörs. <u>Draga skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar um röð varamanna.</u> Sambandsþing UMFÍ skal kjósa <u>þrjá</u> einstaklinga í kjörnefnd sem starfar til loka næsta Sambandsþings, <u>og tvo til vara.</u>	
---	---	--

rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðs-frestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi. Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir ungmennafélagar. Stjórn kýs úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda. Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi. Verkefni stjórnar skulu vera: Stýra málefnum UMFÍ milli þinga. Úrskurða ágreiningsmál þau sem skotið er til hennar. Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar. Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.	Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar. Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðs-frestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi. Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir félagar. Þeir sem kjörnir eru í stjórn eða varastjórn, skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá UMFÍ eða sambandsaðilum, né sitja í stjórnun þeirra.	
--	---	--

	Stjórn kys úr sínum hópí til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda. Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi. Verkefni stjórnar skulu vera: Stýra málefnum UMFÍ milli þinga. <u>Gefa út álit á þeim ágreiningsmálum</u> sem skotið er til hennar. Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.	
12. grein Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða eða	12. grein Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um	

breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna	lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna <u>sbr. 16.grein.</u>	
---	--	--

V. KAFLI: LANDSMÓT OG UNGLINGALANDSMÓT MÓTAHALD

13. grein Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær <u>Landsmót</u>, Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin. Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda <u>Landsmót UMFÍ</u>, Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili <u>úr hópi umsækjanda</u> <u>skuli</u> halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna. Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna: Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmenna-félagshreyfingarinnar. Aðstaða til <u>keppni</u>próttu sé eins góð og kostur er. Almenningi sé gefinn kostur á þátttöku.	13. grein Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin. Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara <u>auglýsa</u> innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ. Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili <u>skuli</u> halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna. Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna: Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmenna-félagshreyfingarinnar. Aðstaða til íþróttu sé eins góð og kostur er. Almenningi sé gefinn kostur á þátttöku. Þau séu vímulaus.	
---	--	--

Þau séu vímulaus. Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri. Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.	Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri. Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.	
---	--	--

VI. KAFLI: HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

14. grein Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenjumikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.		
--	--	--

VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukapingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða. Á aukapinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um		
---	--	--

aukaþingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukaþingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.		
---	--	--

VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA

16. grein Lögum þessum og reglugerð um skiptingu lottótekna má aðeins breyta á lögmætu Sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.		
17. Grein Samþykkt á 52. Sambandsþingi UMFÍ 2021 á Húsavík.	<u>Bráðabirgðaákvæði með lögum</u> <u>Haustið 2027 verður formaður kjörinn til fjögurra ára.</u> <u>Jafnframt verða 6 meðstjórnendur kosnir, þrír til tveggja ára og þrír til fjögurra ára. Varamenn verða kosnir með sama hætti.</u> Samþykkt á 54. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í	

	<u>Stykkishólmi. Lögin taka gildi að þingi loknu.</u>	
--	---	--

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÞINGSKJAL NR. 20

MÓTAHALD TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshótel í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að veita stjórn UMFÍ heimild til þess að gera samninga við sambandsaðila um mótahald til fleiri en eins móts í einu.

Greinargerð:

Unglingalandsmót UMFÍ eru einn af stærstu viðburðum UMFÍ ár hvert. Til að tryggja góðan undirbúning, öfluga aðstöðu og sem besta nýtingu mannauðs og fjármuna er nauðsynlegt að sveitarfélög og samstarfsaðilar hafi meira öryggi um framtíð mótanna en aðeins til eins móts í senn.

Með því að veita stjórn UMFÍ heimild til að gera samninga til lengri tíma en eins árs skapast stöðugleiki sem stuðlar að faglegri framkvæmd, meiri fjárhagslegum fyrirsjáanleika og bættum möguleika sveitarfélaga og annarra samstarfsaðila til að ráðast í langtímafjárfestingar tengdar mótunum.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

REGLUGERÐ UM FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐ **TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ.

Til upplýsinga. Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr reglugerðinni og undirstrikaður texti er nýr.

Greinargerð:

Úthlutunarnefnd sjóða UMFÍ hefur farið yfir reglugerð Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ og tekið saman tillögur um breytingar til stjórnar UMFÍ sem leggur tillögurnar fram til þingsins. Tillögurnar eru unnar með það að markmiði að einfalda og skýra þar sem þörf er á og koma til móts við breytingar á því fé sem kemur inn í sjóðinn úr lottóinu, sbr. þingskjal nr. 18.

Reglugerð Fræðslu- og verkefnasjóðs

1. grein. Heiti sjóðsins

Sjóðurinn heitir Fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.

2. grein. Tilgangur

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

3. grein. Skipan og hlutverk stjórnar

Stjórn sjóðsins skal skipuð a.m.k. þremur einstaklingum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga. Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhliða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

4. grein. Fjármagn

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundraðshluti af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótekna, ~~en 7%~~, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

5. grein. Umsóknir

Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði. Skilafrestur umsókna er annars vegar til og með 1. maí og hins vegar til og með 1. nóvember ár hvert. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Fyrir hverja úthlutun skal auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og á öðrum opinberum vettvangi. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, og yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupphæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Umsækjendur geta óskað eftir rökstuðningi sjóðsstjórnar við sinni umsókn.

6. grein. Skilyrði

Rétt til umsóknar úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra.

~~Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.~~

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

Sjóðurinn styrkir ekki tækja-, áhalda- og búnaðarkaup, fundakostnað (þ.m.t. veitingar) og almennan rekstur félaga. Sjóðsstjórn er heimilt að kveða nánar á um þetta í vinnureglum sínum, sbr. 3. gr.

7. grein. Uppgjör

Öllum sem hljóta styrk úr sjóðnum er skylt að skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Skýrslunni skal einnig fylgja afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Hafi styrkur ekki verið sóttur 24 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

8. grein. Reikningar sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í ársskýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á Sambandsþingi og sambandsráðsfundi.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

9. grein. Gildistími og breytingar

Reglugerð þessari verður aðeins breytt á Sambandsþingi UMFÍ og þarf að hljóta 2/3 hluta greiddra atkvæða. Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ.

Samþykkt á 542. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Húsavík í Stykkishólmi. Tekur gildi 1.1.2022.

Visað til:

Fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 22

REGLUGERÐ UMHVERFISSJÓÐS UMFÍ TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð Umhverfissjóðs UMFÍ.

Til upplýsinga. Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr reglugerðinni og undirstrikaður texti er nýr.

Greinargerð:

Úthlutunarnefnd sjóða UMFÍ hefur farið yfir reglugerð Umhverfissjóðs UMFÍ og tekið saman tillögur um breytingar til stjórnar UMFÍ sem leggur tillögurnar fram til þingsins. Tillögurnar eru unnar með það að markmiði að einfalda og skýra þar sem þörf er á.

Reglugerð Umhverfissjóðs

1. grein. Heiti sjóðsins

Sjóðurinn heitir „Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar“ en Pálmi var formaður UMFÍ 1979–1993. ~~Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.~~

Sjóðurinn er vistaður hjá Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), Sigrúni 42, 105 Reykjavík. UMFÍ sér um að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmasta hátt.

2. grein. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Horfa skal til verkefna er tengjast yngra fólki og verkefna sem stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.

Líta ber til misjafns aðgengis félaga að fjármagni til verkefna og að mótframlagi félaga heima í héraði til verkefna, auk nýjunga í umhverfisverndun og nýtingu.

3. grein. Um sjóðinn

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, ungmennafélagshreyfingin og aðrir velunnarar.

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og vera tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. Sjóðnum skulu tryggðar að lágmarki 1.200.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. Framlag UMFÍ er ákveðið í fjárhagsáætlun ár hvert. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

4. grein. Skipan og hlutverk sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ, og a.m.k. þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ.

Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhliða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

5. grein. Umsóknir

Úthlutað skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði.

Skilafrestur umsókna er til og með 15. apríl ár hvert. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Skilyrði til styrkveitingar úr sjóðnum er að styrkþegi sé félag í UMFÍ og að verkefnið sé umhverfisverkefni.

Fyrir hverja úthlutun skal auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda tilkynningu á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og á öðrum opinberum vettvangi. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, og yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupp hæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Umsækjendur geta óskað eftir rökstuðningi sjóðsstjórnar við sinni umsókn.

6. grein. Skilyrði

Rétt til að sækja um styrk úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

7. grein. Uppgjör

Öllum sem hljóta styrk úr sjóðnum er skylt að skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Skýrslunni skal einnig fylgja afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 24 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

8. grein. Reikningar sjóðsins

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikning sjóðsins skal birta árlega í ársskýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á Sambandsþingi og sambandsráðsfundi.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

9. grein. Gildistími og breytingar

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerð þessari skulu samþykktar af stjórn UMFÍ. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ.

Samþykkt á 542. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Húsavík í Stykkishólmi.

Vísað til:

Fjárhagsnefndar

STARFSUMHVERFI ÍPRÓTTAHREYFINGARINNAR TILLAGA FRÁ HSK

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshótel í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, skorar á ríkisstjórn Íslands að taka nú þegar upp samtal við ípróttahreyfinguna á Íslandi, varðandi starfsumhverfi hennar, m.a. fjármálaumhverfi, starfsumhverfi, lagalegt umhverfi o.fl.

Greinargerð:

Það er ljóst að blikur eru á lofti í starfi ípróttahreyfingarinnar á Íslandi. Bæði hvaða varðar fjármál og sjálfbærliðastarf. Sífelld erfiðara er orðið að fá fólk til starfa fyrir hreyfinguna í sjálfbærliðastarfi. Það sem ekki síst hefur orðið til þess er sú staða sem uppi er varðandi fjármál hennar. Sífelld erfiðara er orðið að fjármagna starfið með öðru en greiddum æfingagjöldum, sem engan vegin standa undir ípróttastarfinu. Kvaðir yfirvalda um persónulegar ábyrgðir stjórnamanna ípróttafélaga, skattaumhverfi ofl. hefur orðið til þess að fleiri og fleiri vilja ekki koma nálægt þessu starfi.

Löngu er orðið tímabært að ríkisvaldið setji sérstakar reglur um ípróttafélög á Íslandi, hvaða varðar ýmislegt í umhverfi þeirra, s.s. ábyrgðir, skattamál, fjármál, ívilnanir ofl.

Ef ekkert verður að gert mun starfsemi ípróttafélaga leggjast niður á næstu árum.

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

ÞINGSKJAL NR. 24**SKRÁNINGARKERFI FYRIR ÍÞRÓTTAHREYFINGUNA
TILLAGA FRÁ HSK**

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshótel í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að UMFÍ, í samstarfi við ÍSÍ, skoði möguleikana á að, bjóða öllum íþróttafélögum, innan sinna vébanda, upp á samræmt skráningarkerfi iðkenda, án endurgjalds.

Greinargerð:

Í dag er skilakerfi starfsskýrslna, aðildarféлага íþróttahreyfingarinnar, samræmt í einu kerfi. Á markaðnum eru fleiri en einn aðili sem bjóða uppá skráningarkerfi fyrir iðkendur íþróttafélaga. Í dag er aðgangur að þessum kerfum bundinn samningi milli íþróttafélaga og viðkomandi fyrirtækja sem reka þessi kerfi. Aðgangur að þeim er dýr og mörg félög sem ráða ekki við eða sjá ekki hag sinn í að taka kerfin upp til iðkendaskráningar. Með því að forysta hreyfingarinnar semji um aðgang að þessum kerfum fyrir alla hreyfinguna, mun örugglega nást fram mikill sparnaður og mun meiri áreiðanleiki í starfsskýrsluskilum og öllu utanumhaldi um íþróttaiðkun á Íslandi.

Vísað til:

Fjárhagsnefndar

ÞINGSKJAL NR. 25**LOTTÓREGLUGERÐ OG LOTTÓÚTHLUTANIR
TILLAGA FRÁ HHF, HSB, HSS, HSV, HSP, UDN, UIF**

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshótel í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að eftirfarandi breytingu á lottóreglugerð og lottóúthlutunum.

Eftirtaldir sambandsaðilar UMFÍ; Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF), Héraðssamband Bolungarvíkur (HSB), Héraðssamband Strandamanna (HSS), Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), Héraðssamband Þingeyinga (HSP), Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) og Ungmennasamband Fjallabyggðar (UIF), leggja hér fram sameiginlega tillögu fyrir Sambandsþing UMFÍ sem haldið verður 10.-12. október 2025 í Stykkishólmi.

Við leggjum til breytingu á 2. grein reglugerðar UMFÍ um Lottóreglur og Lottóúthlutanir.

Reglugerðin eins og hún er í dag:

II. SKIPTING LOTTÓTEKNA TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:

15% til reksturs svæðisskrifstofa ípróttahéraða.

85% til ípróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs.

Við leggjum til eftirfarandi breytingu:

II. SKIPTING LOTTÓTEKNA TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:

15% til reksturs svæðisskrifstofa ípróttahéraða.

20% skiptist jafnt, óháð stærð þeirra

65% til ípróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs

Greinargerð

Héraðssamböndin HHF, HSB, HSV, HSS, HSP, UDN og UÍF standa frammi fyrir stórrí áskorun fjárhagslega eftir breyttar úthlutunarreglur Lottó. Vilja héruðin í sameiningu vekja athygli á þeim áhrifum sem skerðingin hefur á starfsemi barna og ungmenna innan héraðanna og víðar um land.

Lottótekjur hafa hingað til gegnt lykilhlutverki í að jafna stöðu barna og ungmenna í dreifbýli og jaðarsettum byggðarlögum, en nýjar úthlutunarreglur hafa hins vegar skert þennan mikilvæga stuðning. Skerðing á lottótekjum hefur haft bein áhrif á fjárhagslega stöðu héraða og aðildarfélaga þeirra, þar sem tekjurnar eru mikilvægur þáttur í halda uppi daglegum rekstri. Minnkandi tekjur draga úr möguleikum félaganna til að halda úti öflugum starfi.

Á sambandsþingum þessara ípróttahéraða voru samþykktir bókaðar og í þeim fólst að skora á Framkvæmdastjórn ÍSÍ og stjórn UMFÍ að koma til móts við þau minni héruð sem orðið hafa illa úti við breyttar reglur.

Visað til:

Fjárhagsnefndar

VERKASKIPTING UMFÍ OG ÍSÍ
TILLAGA FRÁ HHF, HSB, HSS, HSV, HSP, UDN, UIF

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að hefja heildstæða stefnumótun í íþróttamálum í samstarfi við ÍSÍ, þar sem gerð verði skýr verkaskipting milli UMFÍ og ÍSÍ.

Eftirtaldir sambandsaðilar UMFÍ; Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF), Héraðssamband Bolungarvíkur (HSB), Héraðssamband Strandamanna (HSS), Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), Héraðssamband Þingeyinga (HSP), Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) og Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar (UIF), leggja hér fram sameiginlega tillögu fyrir Sambandsþing UMFÍ sem haldið verður 10.-12. október 2025 í Stykkishólmi.

Sambandsþing UMFÍ samþykkir að hefja heildstæða stefnumótun í íþróttamálum í samstarfi við ÍSÍ, þar sem gerð verði skýr verkaskipting milli UMFÍ og ÍSÍ:

- UMFÍ hafi það hlutverk að styðja og þjónusta íþróttahéruð, ásamt því að halda utan um almenningsíþróttir.
- ÍSÍ hafi það hlutverk að styðja og þjónusta sérsambönd, ásamt því að sinna afreks- og ólympíumálum.

Jafnframt samþykkir Sambandsþing UMFÍ að í þessari vinnu verði:

1. Hlutverk íþróttahéraða endurskilgreint með skýrum hætti.
2. Kannað og mótað hvernig UMFÍ hyggist styðja við íþróttahéruð fjárhagslega til þess að þau geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.
3. Að stjórn UMFÍ leiti leiða, í samstarfi við ÍSÍ og í samvinnu við íþróttahéruð, til þess að bregðast við þeim miklu fjárhagslegu skerðingum sem urðu víða um land í kjölfar breytinga á lottóúthlutun með markvissum mótvægisáðgerðum

Vísað til:

Allsherjar- og laganefndar

NEFNDARSTÖRF HEFJAST – ÞINGFUNDI FRESTAÐ KL. 10:30**ÞINGI FRAM HALDIÐ AÐ LOKNU HÁDEGISHLÉI KL.13:30****ERINDI****Mogens kirkeby, formaður ISCa**

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ sagði frá þátttöku UMFÍ í samtökunum ISCA (International Sport and Culture Association) og DGI, systursamtökum UMFÍ í Danmörku. Hann kynnti svo Mogens Kirkeby, formann ISCA og varaformann DGI til leiks.

Mogens bað fyrir góðar kveðjur frá stjórnnum og starfsfólki DGI og ISCA og sagði frá sjálfum sér, en hann hefur verið formaður ISCA frá 2007. Hann sagði frá markmiðum ISCA um samstarf milli opinberra aðila og íþróttahreyfingarinnar. Hann fjallaði um mismunandi dæmi um samstarf, t.d. þar sem ákvarðanirnar koma ofan frá. Markmið borgarstjóra Parísarborgar er t.d. að það sé aldrei lengra en 5 mínútur í hentugt útivistar- eða hreyfingarsvæði fyrir hvern og einn íbúa borgarinnar.

Hann fjallaði einnig um ýmis verkefni um óhefðbundnar íþróttir eins og zumba, padel og pickleball. Þá sagði hann frá verkefninu Bevæg dig for livet og ýmsum áskorunum í starfinu.

Þá sýndi hann myndband frá Royal Run, sem haldið var í samstarfi við dönsku konungsfjölskylduna 2023. Verkefnið hefur gengið mjög vel og nú er nýbúið að selja upp í hlaupið 2026. 115.000 miðar seldust upp á 5 klukkustundum.

Hann fór svo yfir ýmsa tölfræði um stöðu Íslands í íþróttastarfi miðað við önnur Evrópuríki. Ísland stendur sig að mörgu leyti mjög vel.

Að lokum sýndi hann reiknivél þar sem hægt er að reikna út hagræn áhrif þess að fá fólk á ýmsum aldri til að auka hreyfingu.

Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ

Willum gat ekki verið viðstaddur þingsetningu í gær vegna annarra skuldbindinga. Hann flutti hlýjar og góðar kveðjur frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ og einnig frá ársþingi Skíðasambands Íslands, sem hann sótti fyrr um daginn. Hann sagðist finna fyrir kraftinum og bjartsýninni í hreyfingunni og fjallaði um mikilvægi þess að virkja þennan kraft. Áskoranirnar eru fjölmargar, og því nauðsynlegt að nýta íþróttahreyfinguna sem er langöflugasta hreyfing sem við eigum. Mjög mikilvægt er að ná að eiga samtál við ráðamenn þjóðarinnar í sameiningu um gagnadrifna grasrótastefnumótun.

Hann nýtti tækifærið til að þakka öllum þingheimi fyrir þeirra elju í að gera þjóðfélagið betra. Hann fjallaði einnig um reiknivélina sem Mogens sýndi áðan og sagði að þarna væru komin verkfæri sem pólitíkin skilur. Pólitíkin hefur verið of mikið til í að reiða sig á sjálfbærðastörf. Með auknum faglegum kröfum og ýmsum íþyngjandi þáttum er alltaf að verða erfiðara að fá fólk í sjálfbærðastörf. Íþróttahreyfingin þar að vera til í samtalið um breytingar á skipulagi hennar. Hann er spenntur að ná árangri í vinnunni fram undan.

Hann sagðist vera stoltur af störfum hreyfingarinnar og óskaði þeim sem kosnir yrðu í stjórn hér á eftir til hamingju og sagðist hlakka til samstarfsins.

ÞINGSTÖRFUM AFTUR FRESTAÐ KL. 14:35

FRAMHALD AF NEFNDASTÖRFUM.

ÞINGI FRAM HALDIÐ KL. 16:07

NEFNDIR SKILA ÁLITI / UMRÆÐUR UM AFGREIÐSLU MÁLA

TILLÖGUR FRÁ ALLSHERJAR- OG LAGANEFND.

Þorvaldur Gröndal, formaður allsherjar- og laganefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

ÞINGSKJAL NR. 2

ÞAKKARTILLÖGUR

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi aðilum þakkir:

- Forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur, verndara hreyfingarinnar, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og þótti það sérstaklega vænt að fyrsta embættisverk í starfi hafi verið að koma á Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi.
- Ráðherra mennta- og barnamála, ríkisstjórn og Alþingi, þakkir fyrir stuðning við UMFÍ á liðnum árum og því mikilvæga íþrótta- og æskulýðsstarfi sem unnið er á vegum hreyfingarinnar. Sérstakar þakkir eru fyrir skjót viðbrögð og stuðning við svæðastöðvar íþróttahreyfingarinnar og stofnun hvatasjóðs í samstarfi við ÍSÍ.
- Mennta- og barnamálaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra og heilbrigðisráðherra ásamt starfsfólki þessara ráðuneyta, ÍSÍ og ÍF þakkir fyrir stuðning við samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF; farsælt samfélag fyrir öll, brúum bilið.
- Íþrótta- og Ólympíusambandi Íslands, stjórn og starfsfólki, þakkir fyrir gott samstarf á árinu. Þá hvetur Sambandsþing UMFÍ til áframhaldandi aukins samstarfs á komandi árum.
- Stjórn og starfsfólki Íslenskrar Getspár og getrauna, þakkir fyrir góð störf, úthlutanir sem og aukaúthlutanir frá fyrirtækjunum til eignaraðila.
- Fulltrúum UÍA og sveitarfélagsins Múlaþings, þakkir fyrir góð störf í framkvæmdanefnd fyrir Unglingalandsmót UMFÍ 2025.

- Fulltrúum UÍF og sveitarfélagsins Fjallabyggðar, þakkir fyrir góð störf í framkvæmdanefnd fyrir Landsmót UMFÍ 50+.
- Fulltrúum ungmennafélagsins Aftureldingar, þakkir fyrir góð störf í undirbúningi Drulluhlaups.
- Æskulýðsvettvanginum og þeim samtökum sem mynda samstarfsvettvanginn; Bandalagi íslenskra skáta, KFUM & K og Slysavarnarfélaginu Landsbjörg, þakkir fyrir vel unnin störf, góða samvinnu og hvatningu til áframhaldandi góðra verka.
- Samskiptaráðgjafa Íþrótt- og æskulýðsstarfs, þakkir fyrir gott samstarf á árinu og hvatningu til áframhaldandi góðs samstarfs.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 3

HVATNINGARTILLÖGUR

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að fela stjórn UMFÍ að senda eftirfarandi til sambandsaðila:

- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 27. Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 2026.
- Hvetja sambandsaðila til að mæta á 15. Landsmót UMFÍ 50+ í Hrafnagilshverfi í Eyjafirði 2026.
- Hvetja sambandsaðila til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði á vegum Rannís (Erasmus+) til að efla starfið á sínu svæði.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér Æskulýðsvettvanginn og nýta sér þau verkefni sem hann hefur upp á að bjóða.
- Hvetja sambandsaðila til að kynna sér starfsemi og fræðslu samskiptaráðgjafa fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf.
- Hvetja sambandsaðila til að tryggja að allir sem starfi með börnum og ungmennum í aðildarfélögum sínum uppfylli hæfisskilyrði skv. íþróttalögum um sakavottorð.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA – LÝÐHEILSA OG FORVARNIR**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórnvöld, ríkisstjórn og sveitarfélög, að efla lýðheilsu þjóðarinnar með því að hrinda af stað þjóðarátaki í lýðheilsu og forvörnum, þar sem kraftar íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar verða nýttir til fulls.

Áhersla skal lögð á að styrkja þátttöku og aðstöðu fyrir:

- íþróttir barna og ungmenna,
- hreyfingu og íþróttastarf fullorðinna,
- heilsueflandi æfingar fyrir eldri borgara,
- aukna fræðslu í tengslum við forvarnir

Greinargerð:

Lýðheilsa er eitt mikilvægasta viðfangsefni samfélagsins og hefur bein áhrif á lífsgæði, vellíðan og heilbrigði þjóðarinnar. Samkvæmt rannsóknum hefur regluleg hreyfing jákvæð áhrif á bæði líkamlega og andlega heilsu, dregur úr líkum á alvarlegum sjúkdómum og eykur samfélagslega virkni og samheldni. Íþróttastarf á Íslandi hefur forvarnargildi eins og sýnt hefur verið fram á ítrekað í rannsóknum undanfarin ár.

Íþrótta- og ungmennafélagshreyfingin gegnir lykilhlutverki í þessu starfi. Hún er á landsvísi samtök með sterkar rætur í nærumhverfi fólks, þar sem áhersla er lögð á jafnræði, þátttöku og fjölbreytt tækifæri fyrir einstaklinga á öllum aldri. Hreyfingin nýtir trausts í samfélaginu og hefur áratuga reynslu af því að skapa vettvang fyrir heilbrigða hreyfingu, félagslega þátttöku og uppbyggilegt starf.

Með því að virkja krafta íþrótta- og ungmennafélaganna enn frekar geta stjórnvöld stuðlað að:

- þátttöku barna og ungmenna í íþróttum, sem leggur grunn að heilbrigðum lífsstíl,
- fjölbreyttu framboði á íþróttum fyrir fullorðna, sem styrkir bæði líkamlega og andlega heilsu, - markvissum heilsueflandi úrræðum fyrir eldri borgara, sem geta dregið úr einangrun og bætt lífsgæði.

Þannig er fjárfesting í hreyfingu og lýðheilsu ekki einungis til hagsbóta fyrir einstaklinga, heldur einnig fyrir samfélagið í heild, með minni heilbrigðiskostnaði, aukinni framleiðni og sterkari félagslegum tengslum.

Tillagan kom lítillega breytt frá nefndinni. Breytingatillagan var samþykkt samhljóða og tillagan í heild var einnig samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL NR. 7

ÁSKORUN SVÆÐISSTÖÐVAR ÍPRÓTTAHÉRAÐA

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir áskorun til stjórnvalda um stuðning við svæðisstöðvar íþróttahéraða. Þingið skorar á Alþingi að tryggja áframhaldandi fjármagn til rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða og Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar og að framlagið verði fest inni í fjárlagagerð hvers árs.

Greinargerð:

- Tillagan er lögð fram í tengslum við þá ákvörðun stjórnvalda að veita ÍSÍ og UMFÍ sameiginlega 400 m.kr. fjárframlag árið 2023 til tveggja ára. Framlögin voru nýtt til þess að setja á laggirnar svæðisstöðvar íþróttahéraða og stofna hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar.
- Í samningi sem undirritaður var í desember 2023 kemur fram að afstaða til framhalds fjármögnunar skuli liggja fyrir í ágúst 2025. Þegar þessi greinargerð er rituð liggur sú afstaða enn ekki fyrir.
- Svæðisstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki í því að styðja við og efla starfsemi íþróttahéraða, veita faglega ráðgjöf og styrkja innviði hreyfingarinnar í þágu barna og ungmenna um allt land.
- Hvatasjóðurinn hefur reynst mikilvægur til að styðja við nýsköpun, þróunarverkefni og aukið aðgengi að íþróttastarfi.
- Til að þessi verkefni skili varanlegum árangri þarf fjármögnun þeirra að vera tryggð til framtíðar. Það er nauðsynlegt að framlögin verði fest í fjárlögum hvers árs, þannig að byggja megi upp stöðuga starfsemi sem hreyfingin og samfélagið allt getur treyst á.

Tillagan kom lítillega breytt frá nefndinni. Tillagan í heild, með breytingunni, var samþykkt samhljóða.

SAMSKIPTARÁÐGJAFI ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSTARFS**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs verði nýtt vegna atvika sem upp kunna að koma í starfi hjá UMFÍ, sambandsaðila þess og aðildarfélaga.

Þingið skorar jafnframt á embætti samskiptaráðgjafa íprótta- og æskulýðsstarfs að útbúa siðareglur fyrir íprótta- og æskulýðsstarf. UMFÍ leggur áherslu á að samskiptaráðgjafi geti nýtt siðareglur Æskulýðsvettvangsins sem grunn í þeirri vinnu. UMFÍ starfar nú þegar eftir þeim reglum ásamt öðrum samtökum sem mynda samstarfsvettvanginn, þ.e. KFUM&K á Íslandi, Bandalagi íslenskra Skáta og Slysavarnarfélaginu Landsbjörg.

Greinargerð:

Samskiptaráðgjafi íprótta- og æskulýðsstarfs gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja öruggt, heilbrigt og uppbyggilegt starfsumhverfi alla sem taka þátt í íprótta og æskulýðsstarfi.

UMFÍ og fleiri samtök komu að gerð viðbragðsáætlunarinnar á sínum tíma ásamt sérfræðingum í málaflokknum. Hún er lykilverkfæri til að bregðast skýrt og samræmt við þegar upp koma atvik, svo sem einelti, áreitni eða önnur alvarleg samskipta- og trúnaðarmál.

Siðareglur eru einnig nauðsynlegt grunnplagg fyrir allt starf innan hreyfingarinnar og fer best á því að þær séu sameiginlegar fyrir allt starfið. Þær setja fram sameiginleg viðmið um virðingu, ábyrgð og velferð þátttakenda. Með því að byggja á siðareglum Æskulýðsvettvangsins er til staðar grunnur sem þegar hefur verið mótaður í samvinnu helstu æskulýðssamtaka landsins, sem eykur trúverðugleika, einfaldar innleiðingu og uppfærslu.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

HAGRÆN ÁHRIF ÍÞRÓTTA - ÚTTEKT**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að fela stjórn UMFÍ í samstarfi við ÍSÍ að fá ríkisvaldið með hreyfingunni í þá vegferð að greina hagræn áhrif íþróttar á samfélagið.

Lagt er til að farið verði í greiningar á eftirfarandi þáttum:

- a. Efnahagsleg áhrif
- b. Félagsleg áhrif
- c. Heilsufarleg áhrif
- d. Samfélagslegt mikilvægi

Greinargerð:

Stjórnvöld hafa á undanförunum árum ráðist í ýmsar ítarlegar úttektir á tilteknum málaflokkum, má þar nefnda úttekt á tónlistarskólum sem kom út á vegum Mennta og barnamálaráðuneytis haustið 2025.

Starfsemi ÍSÍ og UMFÍ og aðildarféлага þeirra er ekki lögbundin, þó beggja samtaka sé getið í íþróttalögum. Það gerir starfsemina og fjárveitingar til hennar viðkvæmar fyrir niðurskurði. Mikilvægt því að framlag hreyfingarinnar til samfélagsins sé sýnilegt og viðurkennt, og að fleiri ráðuneyti taki virkan þátt í málaflokknum, enda snertir hann marga aðra málaflokka, svo sem heilbrigðismál, félagsmál og byggðamál.

Greining á áhrifum starfsins er nauðsynleg til að skapa traustar forsendur fyrir framtíðarfjármögnun og stefnumótun. Íþróttir og skipulagt félagsstarf veita lausnir á fjölmörgum samfélagslegum áskorunum nútímans. Eitt dæmi er ofnotkun skjáa, en á meðan íþróttæfingu stendur er einstaklingurinn virkur í félagslegu, líkamlegu og andlegu samhengi, án truflunar frá snjalltækjum.

Líkamleg, andleg og félagsleg áhrif íþróttar hafa verið margítrekað staðfest í rannsóknum. Þær sýna jafnframt að fjárfesting í íþróttum skilar sér margfalt til baka í sparnaði og ábata fyrir samfélagið. Tölur sem nefndar hafa verið í erlendum og innlendum rannsóknum sýna að fyrir hverja krónu sem fjárfest er í íþróttum skila sér að minnsta kosti 3–8 krónur aftur til samfélagsins, m.a. í formi betri heilsu, minni heilbrigðiskostnaðar, aukinnar framleiðni og sterkari félagslegrar samheldni.

Nauðsynlegt er að taka saman þessi gögn, greina aðstæður og áskoranir í starfseminni, og byggja þannig upp traustar forsendur fyrir að starfsemi íþróttar- og ungmennafélaga geti þróast áfram til hagsbóta fyrir einstaklinga og samfélagið allt.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 10**ALLIR MEÐ****TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að hvetja sambandsaðila, til öflugs samstarfs um verkefnið Allir með. Þingið hvetur jafnframt stjórnvöld til að tryggja áframhaldandi fjárhagslegan stuðning við verkefnið.

Greinargerð:

Verkefnið Allir með hefur það að markmiði að efla þátttöku barna og ungmenna með fatlanir í skipulögðu íþróttastarfi og stuðla þannig að aukinni hreyfingu, félagslegri þátttöku og bættri heilsu. Markviss samvinna sambandsaðila UMFÍ um verkefnið skapar sterkari grunn að því að byggja upp þekkingu, innviði og starfshætti sem nýtast um allt land. Með því er stigið mikilvægt skref í átt að samfélagi þar sem öll börn og ungmenni hafa raunveruleg jöfn tækifæri til þátttöku.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 11**ÁFENGISSALA Á ÍÞRÓTTAVIÐBURÐUM****TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að fela stjórn UMFÍ að leita eftir samstarfi við ÍSÍ um að móta skýr tilmæli og reglur um aðgengi að áfengi á viðburðum íþróttafélaga. Vinna starfshóps UMFÍ verði grunnurinn að þeirri vinnu.

Tillagan kom mikið breytt frá nefndinni.

- Ingvar Sverrisson ÍBR, finnst skipta máli að sú vinna sem búið er að vinna haldi gildi sínu og leggur til að upphaflega tillagan verði sett sem greinargerð með tillögunni. Þingforseti benti á að greinargerð er ekki hluti af tillögu og því óþarfi að gera það sem Ingvar lagði til.

Tillagan samþykkt eins og hún kom frá nefndinni, með meginþorra atkvæða gegn einu.

ÍSLENSKAR GETRAUNIR**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að grípa til aðgerða til að loka á auglýsingar og starfsemi erlendra spilafyrirtækja sem ekki hafa leyfi til starfsemi hér á landi.

Þá felur þingið UMFÍ að standa fyrir fræðslu innan hreyfingarinnar um veðmál með áherslu á forvarnir og ábyrga spilun.

Greinargerð:

Íslenskar getraunir eru eina fyrirtækið á Íslandi sem hefur lögbundið starfsleyfi á sviði íþróttaveðmála. Þrátt fyrir það starfa hér á landi fjöldi erlendra fyrirtækja án leyfis og auglýsa starfsemi sína.

Ágóði af rekstri Íslenskra getrauna rennur til aðildarfélaga ÍSÍ og UMFÍ og styrkir þar með uppbyggingu íþrótta- og æskulýðsstarfs um land allt. Á hinn bóginn fer ágóði erlendra spilafyrirtækja allur úr landi. Talið er að um sé að ræða fjárhæðir sem nema milljörðum króna á ári hverju.

Á ráðstefnu sem haldin var veturinn 2024-2025 um veðmálastarfsemi kom fram að veðmálafíkn er vaxandi vandamál í nágrennalöndunum og eru vísbendingar um að sama þróun sé hafin hér á landi. Mikilvægt er að grípa til aðgerða með fræðslu og forvarnarstarfi, sem og skýrum takmörkunum á ólöglegum söluleiðum.

Á sömu ráðstefnu var jafnframt farið yfir rannsókn sem sýndi að engin tengsl væru á milli spilavanda þeirra leikja sem íslenskar getraunir bjóða upp á. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að vernda leyfisbundna starfsemi, styrkja eftirlit með markaðnum og tryggja að tekjur haldist innanlands í þágu samfélagslegrar uppbyggingar.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni.

- Ingvar Sverrisson ÍBR, fagnar tillögunni og styður hana. Hann vill áréttta mikilvægi tillögunnar því hér er um að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir hreyfinguna. Hann sagði frá dæmum þar sem verið væri að reyna að hafa áhrif á úrslit leikja, jafnvel í klefanum í hálfleik.

Tillagan samþykkt samhljóða

SAMSTARF VIÐ ÍSÍ**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að óska eftir auknu samstarfi við ÍSÍ á sviði fræðslu, almenningsíþróttar, lýðheilsu og sjálfbærismála. Markmið samstarfsins er að vinna áfram að þessum málaflokkum og áherslum þvert á bæði samtök þar sem báðir aðilar leggja til mannauð og fjármagn.

Verkefni og verksvið verði skilgreind í samstarfssamningi á milli aðila. Með því móti verði unnið að því að bæta umgjörð íþróttastarfsins með markvissri nýtingu fjármagns og mannauðs, til betri árangurs. Með þessari nálgun eru samtökin jafnframt að bregðast við áskorunum bæði frá íþróttahreyfingunni sjálfri og frá stjórnvöldum.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í framhaldi af samtölum og vaxandi samstarfi milli ÍSÍ og UMFÍ á undanförunum árum. Samstarfið hefur þegar sýnt að með sameiginlegri nálgun má ná meiri slagkrafti í málaflokkum sem varða bæði íþróttahreyfinguna og samfélagið allt.

Tillagan var unnin í sameiningu af ÍSÍ og UMFÍ og er þegar samþykkt á þingi ÍSÍ í vor. Með henni er lögð áhersla á að byggja ofan á þann grunn sem þegar hefur verið myndaður.

Í samningi ÍSÍ og UMFÍ við Mennta- og barnamálaráðuneytið er jafnframt kveðið á um að samtökin komi með sameiginlegar tillögur að aðgerðum sem styðja við þróun íþróttastarfs. Með því að efla samstarf á sviði fræðslu, almenningsíþróttar, lýðheilsu og sjálfbærismála er stigið mikilvægt skref í átt að því að tryggja að fjármagn og mannauður nýtist sem best, efla faglegt starf innan hreyfingarinnar og skapa skýrari ramma um verkaskiptingu.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni.

- Gunnar Þór Gestsson UMFÍ/UMSS, hvatti UMFÍ og ÍSÍ til að halda áfram að styðja svæðastöðvarnar. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Tillagan samþykkt samhljóða

SAMEINUÐ TILLAGA UM STEFNUMÓTUN OG VERKASKIPTINGU UMFÍ OG ÍSÍ

TILLAGA FRÁ ALLSHERJAR- OG LAGANEFND

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að UMFÍ fari, í samráði við ÍSÍ, af stað í heildstæða stefnumótun fyrir íþróttta- og ungmennafélagshreyfinguna.

Markmið stefnumótunarinnar er að:

- Skilgreina skýrt hlutverk og verkaskiptingu milli UMFÍ og ÍSÍ, sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra.
- UMFÍ hafi það hlutverk að styðja og þjónusta íþróttahéruð, ásamt því að halda utan um almenningsíþróttir.
- ÍSÍ hafi það hlutverk að styðja og þjónusta sérsambönd, ásamt því að sinna afreks- og ólympíumálum.
- Skilgreina óskir og forgangsmál hreyfingarinnar varðandi aðkomu ríkis og sveitarfélaga.
- Leggja fram sameiginlega framtíðarsýn um hlutverk og ábyrgð íþróttahreyfingarinnar í íslensku samfélagi.

Jafnframt samþykkir sambandsþing UMFÍ að í þessari vinnu verði:

1. Hlutverk íþróttahéraða endurskilgreint með skýrum hætti.
2. Kannað og mótað hvernig UMFÍ hyggist styðja við íþróttahéruð fjárhagslega til þess að þau geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu.
3. Að stjórn UMFÍ leiti leiða, í samstarfi við ÍSÍ og í samvinnu við íþróttahéruð, til þess að bregðast við þeim miklu fjárhagslegu skerðingum sem urðu víða um land í kjölfar breytinga á lottóúthlutun með markvissum mótvægisáðgerðum.

Greinargerð:

Samtökin eiga í vaxandi samstarfi sem kallar á stefnumótun. Í samningi við Mennta- og barnamálaráðuneytið er einnig kveðið á um að ÍSÍ og UMFÍ leggi fram tillögur sem miða að því að styrkja forsendur og innviði íþróttastarfs í landinu. Þessi samþykkt er liður í því að uppfylla þá skuldbindingu.

Heildarstefnumótun gerir hreyfingunni kleift að bregðast við áskorunum sem fram undan eru með skýrari verkaskiptingu, aukinni samvinnu og betri nýtingu fjármagns og mannauðs. Með því að horfa til heildarinnar verður einnig tryggt að sjónarmið allra hluta hreyfingarinnar, sambandsaðila og aðildarfélaga komi fram og verði hluti af framtíðarsýninni.

Slík stefnumótun mun jafnframt styrkja stöðu hreyfingarinnar gagnvart stjórnvöldum. Þegar liggur fyrir skýr framtíðarsýn, forgangsroðun og afstaða til hlutverka ríkis og sveitarfélaga í starfseminni, er unnt að eiga markvissari samtal við stjórnvöld um stuðning, fjármögnun og ábyrgð.

Með þessari vinnu er lagður grunnur að því að íþrótta- og ungmennafélagahreyfingin geti starfað áfram af festu, skilað meiri árangri og þjónað samfélaginu á skipulegan og sjálfbæran hátt til framtíðar.

Tillagan kom talsvert breytt frá nefndinni og var sameinuð tillögu 26 sem fjallaði um svipuð málefni. Tillaga 26 var því ekki afgreidd út úr nefndinni sem slík.

Tillagan samþykkt samhljóða og jafnframt fellur þingskjal 26 út.

ÞINGSKJAL NR. 17

LÖG OG REGLUGERÐIR SAMBANDSAÐILA

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, hvetur sambandsaðila til þess að setja úrræði og/ eða viðurlög inn í lög og/eða reglugerðir hjá sér varðandi óvirk aðildarfélög og félög sem ekki skila starfsskýrslum í skilakerfi ÍSÍ og UMFÍ.

Greinargerð:

Starfsskýrslur eru grundvallarupplýsingar um umfang og eðli starfs aðildarfélaga innan hreyfingarinnar. Þær nýtast bæði við stefnumótun, í upplýsingagjöf til stjórnvalda og sem forsenda fyrir úthlutun fjárframlaga. Þegar félög skila ekki inn starfsskýrslum verður myndin af starfsemi hreyfingarinnar skökk og það getur leitt til skekkju í úthlutun fjármuna og dregið úr trúverðugleika gagnvart stjórnvöldum og samstarfsaðilum.

Óvirk félög, sem ekki ganga frá skilum eða eru í reynd ekki starfandi, geta jafnframt haft áhrif á lýðræðislegt starf innan sambanda og hreyfingarinnar í heild. Nauðsynlegt er því að sambandsaðilar hafi skýr úrræði og/eða viðurlög í sínum lögum og reglugerðum til að bregðast við slíkum aðstæðum.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

LAGABREYTINGAR**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á lögum UMFÍ.

Greinargerð:

Laganefnd UMFÍ hefur farið yfir lög sambandsins í heild sinni og tekið saman tillögur um breytingar til stjórnar UMFÍ sem leggur tillögurnar fram til þingsins. Tillögurnar eru unnar með það að markmiði að:

- tryggja að lögin endurspegli núverandi starfsemi og verkefni UMFÍ,
- einfalda og skýra ákvæði þar sem þörf er á,
- og styrkja lagalegan grundvöll fyrir framtíðarstarf hreyfingarinnar.

Með samþykkt þessarar tillögu er UMFÍ að tryggja að lög sambandsins séu í takt við nútímakröfur og styðji með skýrum hætti við hlutverk UMFÍ, sambandsaðila og aðildarfélaga.

Til upplýsinga. Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr lögunum og undirstrikaður texti er nýr. Í fyrsta dálk er eldri lagagrein og það sem strikast út. Í dálk 2 eru tillögur að nýjum texta og í dálk 3 er rökstuðningur fyrir breytingunni.

LÖG UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS**1.KAFLI: NAFN, FÁNI OG KJÖRORÐ****1. grein**

Landssamband ungmennafélaga á Íslandi heitir Ungmennafélag Íslands, skammstafað UMFÍ. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Fáni UMFÍ er Hvítbláinn. Kjörorð UMFÍ er: Íslandi allt. Hvítbláinn skal vera í merki UMFÍ, að öðru leyti ákveður sambandsþing UMFÍ gerð þess. Merki UMFÍ er eign UMFÍ og verndað vörumerki.

II. KAFLI: HLUTVERK UMFÍ**3. grein**

Hlutverk UMFÍ er ræktun lýðs og lands. Hlutverki sínu hyggst UMFÍ ná með því að: Vinna eftir samþykkttri stefnu UMFÍ sem skal vera staðfest á sambandsþingi, með áherslu á arfleifð UMFÍ sem grundvallast í eftirfarandi setningum:

- Gefa sem flestum kost á að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi.
- Standa fyrir iðkun íþrótta og stuðla að heilbrigðum lífsháttum og hollri hreyfingu.
- Starfa í anda friðar og jafnréttis.
- Vinna að aukinni fræðslu og forvörnum gegn neyslu á skaðlegum efnum.
- Vinna að landgræðslu, skógrækt og umhverfisvernd.
- Stuðla að jafnvægi í byggð landsins og auka fræðslu almennings til að auðvelda hverjum og einum að taka afstöðu til þjóðnytjamála og vinna að framgangi þeirra.
- Glæða með þjóðinni tryggð og rækt við heimili sín, áttthaga og ættjörð.

III. KAFLI: RÉTTINDI OG SKYLDUR

4. grein

Sambandsaðilar UMFÍ eru íþróttahéruð og Ungmennafélagið Vesturhlíð. Aðildarfélög UMFÍ eru þau félög sem eru í íþróttahéruðum.

5. grein

Inntökubeiðni í UMFÍ skal fylgja eintak af lögum umsækjanda sem skulu vera í fullu samræmi við sambandslög þessi. Sambandsþing úrskurðar um inntöku.

Sambandsþing hefur rétt til að víkja sambandsaðilum úr UMFÍ, með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

6. grein

Vilji sambandsaðili ganga úr UMFÍ telst úrsögn því aðeins lögmæt, að samþykkt hafi verið á löglegu héraðsþingi eða aðalfundi tillaga þess efnis. Skal sú úrsögn lögð fyrir næsta Sambandsþing UMFÍ og taka gildi frá þeim degi sem sambandsaðili samþykkti úrsögn. Aðili sem gengið hefur úr eða verið vikið úr UMFÍ getur ekki krafist endurgreiðslu á fé sem hann hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum UMFÍ.

7. grein

Hver sambandsaðili innan UMFÍ greiðir árgjald í sambandssjóð af hverjum skattskyldum félaga eftir ákvörðun sambandsþings og skilar því fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Skattskyldur félagi telst vera sá einstaklingur sem skráður er í félagatal og nær 16 ára aldri á almanaksárinu. Sambandsaðilar semja skýrslu um störf sín og hag við hver áramót og senda rafrænt í þar til gert félagaskýrslukerfi UMFÍ fyrir 15. apríl ár hvert eða eftir atvikum innan annars tilgreinds frests sem stjórn UMFÍ hefur staðfest.

8. grein

Sérhver félagi aðildarfélags innan UMFÍ hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum innan hreyfingarinnar.

IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

9. grein

Sambandsþing UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ. Stjórn skal boða skriflega til Sambandsþings með a.m.k. 6 vikna fyrirvara og skal það haldið fyrir 15. nóvember annað hvert ár.

Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá, ársreikningi og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir Sambandsþing skal senda sambandsaðilum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Sambandsaðilar skulu skila inn kjörbréfum fyrir upphaf þings.

Sambandsaðilar kjósa fulltrúa til Sambandsþings miðað við fjölda skattskyldra félaga skv. félagatali í félagaskýrslukerfi UMFÍ, sem skal skila í síðasta lagi innan tilgreinds tímafrests það ár sem þing er haldið, sem hér segir:

- 1 fulltrúa fyrir 1 - 200 skattskylda félaga.
- 2 fulltrúa fyrir 201 - 1999 skattskylda félaga.
- 3 fulltrúar fyrir 2000 - 2999 skattskylda félaga.
- 4 fulltrúar fyrir 3000 - 3999 skattskylda félaga.
- 5 fulltrúar fyrir 4000 - 4999 skattskylda félaga.
- 6 fulltrúar fyrir 5000 - 5999 skattskylda félaga.
- 7 fulltrúar fyrir 6000 - 6999 skattskylda félaga.
- 8 fulltrúar fyrir 7000 - 7999 skattskylda félaga.
- 9 fulltrúar fyrir 8000 - 8999 skattskylda félaga.
- 10 fulltrúar fyrir 9000 og fleiri skattskylda félaga.

Þingfulltrúar geta að hámarki verið 10 fulltrúar. Til viðbótar því sem að framan greinir skulu formenn íþróttahéraða eða staðgenglar vera sjálfkjörnir.

Sameining íþróttahéraða skal ekki leiða til þess að þau fái færri þingfulltrúa á næsta Sambandsþingi en þau höfðu samanlagt á síðasta Sambandsþingi.

Sambandsþing er lögmætt ef löglega er til þess boðað og mættur er fullur helmingur réttkjörinna fulltrúa.

Verkefni Sambandsþings skulu m.a. vera:

- Ræða skýrslur liðins kjörtímabils
- Afgreiða reikninga næstliðins reikningsárs, (almanaksárið), sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda
- Marka stefnu UMFÍ á komandi árum
- Afgreiða tillögur
- Staðfesta stefnu UMFÍ hverju sinni
- Lagabreytingar

- Kjósa stjórn
- Kjósa kjörnefnd
- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs
- Velja endurskoðunarfélag fyrir UMFÍ

Aukaþing skal boða innan tveggja vikna ef 2/3 sambandsaðila óska þess með skriflegum hætti og skal halda þingið eigi síðar en tveimur vikum frá boðun. Einnig getur stjórn boðað til aukaþings. Fulltrúafjöldi á aukaþingi skal vera sá sami og á síðasta lögmæta þingi.

IV. KAFLI: STJÓRNUN UMFÍ

10. grein

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli Sambandsþinga. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

Stjórn skal boða skriflega til sambandsráðsfundar með a.m.k. 4 vikna fyrirvara og skal hann haldinn fyrir 15. nóvember það ár sem sambandsþing UMFÍ er ekki haldið.

Verkefni sambandsráðsfundar skulu vera:

- Ræða skýrslur næstliðins árs.
- Afgreiða reikninga liðins árs, sem skulu áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Greiði einhver fulltrúi á sambandsráðsfundi atkvæði gegn því að reikningar séu samþykktir, þá skulu þeir lagðir fyrir næsta Sambandsþing til afgreiðslu.

- Afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs.
- Ræða viðfangsefni UMFÍ milli þinga.

11. grein

Stjórn UMFÍ skal skipuð sjö einstaklingum: Formanni, ritara, gjaldkera, varaformanni og þremur meðstjórnendum sem kosnir eru til fjögurra ára. Kosning stjórnar skal vera skrifleg eða rafræn.

Formaður skal kosinn sérstaklega, á öðru hvoru Sambandsþingi. Til að formaður hljóti kosningu þarf frambjóðandi að hljóta meirihluta greiddra atkvæða nema hann sé einn í framboði en þá telst hann sjálfkjörinn. Ef slík niðurstaða fæst ekki í fyrstu umferð er kosið aftur milli þeirra tveggja frambjóðenda sem flest atkvæði fengu í fyrri umferð.

Kjósa skal aðra stjórnarmenn í einu lagi og skal kjósa þrjá á hverju Sambandsþingi. Til að atkvæðaseðill til stjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa þrjá einstaklinga sem gefið hafa kost á sér til stjórnarkjörs.

Varastjórn skipa fjórir einstaklingar og skulu tveir kosnir á hverju Sambandsþingi til

fjögurra ára. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa tvo einstakling sem gefið hefur kost á sér til varastjórnarkjörs. Draga skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar um röð varamanna.

Sambandsþing UMFÍ skal kjósa fimm einstaklinga í kjörnefnd sem starfar til loka næsta Sambandsþings, og tvo til vara.

Tilkynning um framboð til stjórnar og varastjórnar UMFÍ skal berast skriflega til kjörnefndar eigi síðar en 10 dögum fyrir þing. Einstaklingur sem býður sig fram til formanns getur jafnframt boðið sig fram til stjórnar og/eða varastjórnar á þinginu kjósi hann svo. Sama á við um einstakling sem býður sig fram til stjórnar og getur hann þá á þinginu boðið sig fram til varastjórnar.

Við stjórnarkjör skal leitast við að í kjöri séu fulltrúar frá hverju kjördæmi. Ef þessu markmiði hefur ekki verið náð, eftir að framboðsfrestur rennur út, er kjörnefnd heimilt að framlengja framboðs-frestinn um allt að 5 daga og skal sú ákvörðun tilkynnt sambandsaðilum. Heimilt er að bera fram tillögu um fleiri en einn úr hverju kjördæmi.

Kjörgengir til stjórnar og varastjórnar eru allir skattskyldir félagar.

Þeir sem kjörnir eru í stjórn eða varastjórn, skulu hvorki vera í launuðu starfi hjá UMFÍ eða sambandsaðilum, né sitja í stjórnnum þeirra.

Stjórn kys úr sínum hópi til eins árs í senn þrjá einstaklinga og einn til vara er skipa framkvæmdastjórn. Hlutverk framkvæmdastjórnar eru að fylgja eftir samþykktum stjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda.

Stjórn UMFÍ skal á hverju kjörtímabili halda a.m.k. einn stjórnarfund í hverjum landsfjórðungi.

Verkefni stjórnar skulu vera:

- Stýra málefnum UMFÍ milli þinga.
- Gefa út álit á þeim ágreiningsmálum sem skotið er til hennar.
- Varðveita sjóði UMFÍ og leggja fram endurskoðaða reikninga til þings og sambandsráðsfundar
- Birta árlega skýrslu um gerðir, hag og horfur UMFÍ.

12. grein

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á sambandsþingi, sambandsráðsfundi og stjórnarfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða eða breytingu á reglugerð um skiptingu lottótekna sbr. 16.grein.

V. KAFLI: MÓTAHALD

13. grein

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvenær Unglingalandsmót, Landsmót 50+ eða önnur landsmót skulu haldin og samþykkja reglugerðir fyrir mótin.

Stjórn UMFÍ skal með hæfilegum fyrirvara auglýsa innan hreyfingarinnar eftir sambandsaðilum sem áhuga hafa á að taka að sér að halda Landsmót UMFÍ 50+ og Unglingalandsmót UMFÍ.

Stjórn UMFÍ skal ákveða hvaða aðili skuli halda mótið. Stjórn UMFÍ skal eiga rétt á að tilnefna fulltrúa sinn í undirbúningsnefndir mótanna.

- Meðal annars skal gæta eftirtalinna atriða við allan undirbúning og framkvæmd mótanna:
- Þau endurspegli eftir föngum umfang og fjölbreytileika í starfsemi ungmenna-félagshreyfingarinnar.
- Aðstaða til íþróttar sé eins góð og kostur er.
- Almennings sé gefinn kostur á þátttöku.
- Þau séu vímulaus.
- Þau séu ætluð fjölskyldufólki og fólki á öllum aldri.

Að vegalengdir milli keppnisstaða séu innan hæfilegra marka.

VI. KAFLI: HEIÐURSVIÐURKENNINGAR

14. grein

Sambandsþing getur kjörið heiðursfélaga UMFÍ þá einstaklinga er unnið hafa ungmennafélagshreyfingunni óvenju mikið gagn eða þingið vill veita sérstaka sæmd fyrir ágæt störf í anda UMFÍ. Heiðursfélagar hafa öll réttindi ungmennafélaga en eru sjálfráðir um skyldur. Heiðursviðurkenningar má og veita samkvæmt sérstakri reglugerð.

VII. KAFLI: SLIT UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

15. grein

Til þess að slíta Ungmennafélagi Íslands eða sameina það öðrum samtökum þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á lögmætu sambandsþingi. Slík tillaga þarf einnig að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á sérstöku aukaðingi sem stjórn UMFÍ skal boða til innan 6 mánaða.

Á aukaðinginu skulu sambandsaðilar eiga rétt á sama fjölda þingfulltrúa eins og á sambandsþinginu en að öðru leyti skulu ákvæði laga þessa um sambandsþing gilda um aukaðingið. Ef samþykkt verður skv. 1. mgr. að slíta UMFÍ skal aukaðingið ákveða hvert fjárhagslegar og ófjárhagslegar eignir og réttindi UMFÍ skulu renna.

VIII. KAFLI: LAGABREYTINGAR OG GILDISTAKA**16. grein**

Lögum þessum og reglugerð um skiptingu lottótekna má aðeins breyta á lögmætu Sambandsþingi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Hjáseta telst ekki greitt atkvæði. Tillögur til lagabreytinga/reglugerðabreytinga skal senda stjórn UMFÍ minnst 4 vikum fyrir sambandsþing og skal stjórn UMFÍ senda tillögurnar sambandsaðilum til kynningar minnst 2 vikum fyrir þing. Til að taka til afgreiðslu tillögur sem ekki hafa hlotið kynningu skv. 2. mgr. þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða, nema um sé að ræða tillögu til breytinga á áður kynntri tillögu til breytinga á lögum eða reglugerð.

17. grein

Bráðabirgðaákvæði með lögum.

Haustið 2027 verður formaður kjörinn til fjögurra ára. Jafnframt verða 6 meðstjórnendur kosnir, þrír til tveggja ára og þrír til fjögurra ára. Varamenn verða kosnir með sama hætti.

Samþykkt á 54. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Stykkishólmi. Lögin taka gildi að þingi loknu.

Tillagan kom að nokkru leyti breytt út úr nefndinni. Hér eru lögin sett fram eins og nefndin lagði til að þau yrðu. Hver lagagrein sem lagt var til að breyta var borin upp til atkvæða, í númeraröð.

- 3. gr. kom óbreytt frá nefnd.
 - Samþykkt samhljóða
- 4. gr. kom breytt frá nefnd.
 - Breytingartillaga nefndar samþykkt samhljóða
 - Greinin í heild samþykkt samhljóða
- 5. gr. kom breytt frá nefnd.
 - Greinin í heild samþykkt samhljóða
- 6. gr. kom óbreytt frá nefnd.
 - Samþykkt samhljóða
- 7. gr. kom óbreytt frá nefnd
 - Samþykkt samhljóða
- 9. gr. kom lítillega breytt frá nefnd
 - Breytingartillaga nefndar samþykkt samhljóða
 - Greinin í heild samþykkt samhljóða
- 10. gr. kom óbreytt frá nefnd
 - Samþykkt samhljóða
- 11. gr. kom nokkuð breytt frá nefnd
 - Orðalagsbreyting samþykkt samhljóða
 - Breytingartillaga um að halda fjórum varamönnum

- Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð lagði fram frávísunartillögu þannig að upphaflega tillagan frá stjórn haldi sér og það yrðu bara tveir varamenn.
 - *Frávísunartillaga Einars samþykkt og því verða bara tveir varamenn.*
 - *Sá kafli 11. gr. hljóðar því svona:*
 - *Varastjórn skipa tveir einstaklingar og skal einn kosinn á hverju Sambandsþingi til fjögurra ára. Til að atkvæðaseðill til varastjórnarkjörs sé gildur verður að kjósa einn einstakling sem gefið hefur kost á sér til varastjórnarkjörs. Draga skal á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar um röð varamanna.*
- *Breytingartillaga um að halda fimm aðilum í kjörnefnd.*
 - *Samþykkt samhljóða*
- *Opnað á umræður um greinina í heild*
 - Gunnar Gunnarsson UMFÍ/UÍA, telur áfram þörf á að hafa fjóra varamenn. Hann leggur til að tillaga stjórnar um að fækka varamönnum í tvo verði felld.
 - Gunnhildur Hinriksdóttir HSP spurði um tillögu hvað varðar hæfi stjórnarmanna.
 - Bjarney L. Bjarnadóttir UMSB svaraði því að um væri að ræða leið að góðum stjórnarháttum, í samræmi við nýlega samþykkt lög ÍSÍ.
 - Ingvar Sverrisson ÍBR spurði hvort sú tillaga væri ekki hamlandi, því núna væri u.þ.b. helmingur stjórnarmanna í stjórnnum annars staðar.
- *Greinin í heild samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta gegn fjórum*
 - *12. gr. kom óbreytt frá nefnd.*
 - *Samþykkt samhljóða*
 - *13. gr. kom óbreytt frá nefnd, ásamt breytingu á heiti kaflans.*
 - *Samþykkt samhljóða*
 - *17. gr. kom óbreytt frá nefnd.*
 - *Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða gegn einu.*

Lög UMFÍ heild borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL NR. 20**MÓTAHALD UMFÍ****TILLAGA FRÁ STJÓRN**

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að veita stjórn UMFÍ heimild til þess að gera samninga við sambandsaðila um mótahald til fleiri en eins Unglingalandsmóts og annarra viðburða í einu.

Greinargerð:

Unglingalandsmót UMFÍ eru einn af stærstu viðburðum UMFÍ ár hvert. Til að tryggja góðan undirbúning, öfluga aðstöðu og sem besta nýtingu mannauðs og fjármuna er nauðsynlegt að sveitarfélög og samstarfsaðilar hafi meira öryggi um framtíð mótanna en aðeins til eins móts í senn.

Með því að veita stjórn UMFÍ heimild til að gera samninga til lengri tíma en eins árs skapast stöðugleiki sem stuðlar að faglegri framkvæmd, meiri fjárhagslegum fyrirsjáanleika og bættum möguleika sveitarfélaga og annarra samstarfsaðila til að ráðast í langtímafjárfestingar tengdar mótunum.

Tillagan kom lítillega breytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða með breytingum nefndarinnar.

ÞINGSKJAL NR. 23**STARFSUMHVERFI ÍÞRÓTTAHREYFINGARINNAR****TILLAGA FRÁ HSK**

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, skorar á ríki og sveitarfélög að taka nú þegar upp samtal við íþróttahreyfinguna á Íslandi, varðandi starfsumhverfi hennar, m.a. fjármálaumhverfi, starfsumhverfi, lagalegt umhverfi o.fl.

Greinargerð:

Það er ljóst að blikur eru á lofti í starfi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Bæði hvaða varðar fjármál og sjálfbóðaliðastarf. Sífellt erfiðara er orðið að fá fólk til starfa fyrir hreyfinguna í sjálfbóðaliðastarfi. Það sem ekki síst hefur orðið til þess er sú staða sem

uppi er varðandi fjármál hennar. Sífelld erfiðara er orðið að fjármagna starfið með öðru en greiddum æfingagjöldum, sem engan vegin standa undir íþróttastarfinu. Kvaðir yfirvalda um persónulegar ábyrgðir stjórnarmanna íþróttafélaga, skattaumhverfi o.fl.. hefur orðið til þess að fleiri og fleiri vilja ekki koma nálægt þessu starfi.

Löngu er orðið tímabært að ríkisvaldið setji sérstakar reglur um íþróttafélög á Íslandi, hvaða varðar ýmislegt í umhverfi þeirra, s.s. ábyrgðir, skattamál, fjármál, ívilnanir o.fl.

Ef ekkert verður að gert mun starfsemi íþróttafélaga leggjast niður á næstu árum.

Tillagan kom lítillega breytt frá nefndinni.

- Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir ÍBR, benti á að þetta þingskjal talar saman við tillögu sem rædd var í fjárhagsnefnd og verður lögð fram síðar á þinginu.

Tillagan samþykkt samhljóða

Þorvaldur Gröndal, formaður Allsherjar- og laganeftndar, þakkaði nefndinni fyrir vel unnin störf.

Tillögur frá fjárhagsnefnd

Guðríður Aadnegard, formaður fjárhagsneftndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

ÞINGSKJAL NR. 5


ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA - FJÁRMÖGNUN

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að styðja með öflugri hætti fjárhagslega við starfsemi UMFÍ og hækka fjárfamlög svo þau haldi í við verðlagsþróun sem verið hefur undanfarin 15 ár. Þá skorar þingið einnig á stjórnvöld að hækka verulega framlag til ferðasjóðs fyrir íþrótt- og ungmennafélög.

Greinargerð:

Ríkisframlag til UMFÍ hefur nánast staðið í stað á undanförunum árum. Á sama tímabili hafa flestir kostnaðarþættir í rekstri UMFÍ farið ört hækkandi samhliða hárrí verðbólgu. Árið 2018 nam ríkisframlag til UMFÍ 129,6 m. kr. Árið 2025 nemur framlagið 137,5 m.kr. Ef framlagið hefði haldið í við þróun verðlags frá 2018 væri ríkisframlagið í dag tæpum 185 m. kr. Þegar þróunin frá 2008 er skoðuð kemur í ljós að framlagið árið 2008 var 123,4 m. kr. Ef það hefði haldið í við þróun verðlags væri ríkisframlagið í kringum 288 m. kr.



Sama þróun hefur átt sér stað varðandi framlag í ferðasjóð fyrir íþrótt- og ungmennafélög. Árið 2019 var úthlutað 127 m. kr. úr sjóðnum og í mars 2025 var 123,9 m. kr. úthlutað úr sjóðnum. Alls bárust 255 umsóknir frá 126 íþrótt- og ungmennafélögum úr 24 íþróttahéruðum vegna 3.211 ferða. Heildarupphæð umsókna nam 757,6 m. kr. Af þessum tölum má dæma að mikil þörf er á auknu fjármagni í sjóðinn.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

ÁSKORUN TIL STJÓRNVALDA - ALMANNAHEILLAFÉLÖG**TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir, að skora á stjórnvöld og ríkisstjórn að efla rekstrarumhverfi íþrótt- og ungmennafélagshreyfingarinnar með því að veita eftirfarandi ívilnanir til þeirra íþróttafélaga sem eru skráð á almannaheillalista:

1. Endurgreiðslu tryggingargjalds af launum starfsfólks hjá félögunum.
2. Tryggja að sjálfbóðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð á rekstri, skuldbindingum eða alvarlegum atvikum í starfsemi félaganna.

Greinargerð:

Íþrótt- og ungmennafélagshreyfingin er einn öflugasti sjálfbóðaliðavettvangur landsins og hefur í áratugi verið burðarás í lýðheilsu, uppeldi og félagsstarfi þjóðarinnar. Þrátt fyrir gífurlegt samfélagslegt gildi hreyfingarinnar er rekstrarumhverfi félaganna oft íþyngjandi og ótryggt. Því er brýnt að bregðast við með markvissum ívilnunum.

1. Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Mikilvæg útgjöld félaganna, svo sem vegna húsnæðis, búnaðar og vörukaupa, bera virðisaukaskatt sem er verulegur kostnaðarliður. Endurgreiðsla VSK myndi tryggja félögunum aukið svigrúm til að efla starfsemi sína og nýta fjármagn beint í hreyfingu og samfélagsstarf, í stað skattgreiðslna. Slíkar endurgreiðslur eru t.d. þekktar í Noregi og fleiri löndum sem við berum okkur oft saman við.

2. Endurgreiðslu tryggingargjalds af launum starfsfólks

Tryggingargjaldið er þungur kostnaður fyrir félög sem þegar starfa á viðkvæmum fjárhagsgrundvelli. Með því að afnema það af launum starfsfólks í íþrótt- og ungmennafélögum væri dregið úr launakostnaði og gert kleift að ráða fleira fagfólk til að styðja við sjálfbóðastarf og efla gæði í starfi.

3. Heimild til verktöku að hluta

Félögin byggja víða á tímabundinni ráðningu einstaklinga í verkefni, t.d. þjálfara. Með því að heimila að allt að 50% af tekjum einstaklinga geti komið frá verktöku hjá viðkomandi félagi er skapaður sveigjanleiki sem hentar bæði félögunum og einstaklingunum.

4. Heimild námsfólks til verktöku

Námsfólk tekur gjarnan virkan þátt í starfi félaganna, sérstaklega í hlutastörfum og tímabundnum verkefnum. Með því að heimila námsfólki að velja verktökuform er

tryggt að þátttaka þess verði raunhæf, sveigjanleg og aðgengileg, án óhagræðis fyrir félögin eða einstaklingana.

5. Vernd sjálfbóðaliða

Starfsemi íþróttta- og ungmennafélaga stendur og fellur með óeigingjörnu starfi sjálfbóðaliða. Núverandi fyrirkomulag getur skapað óvissu um persónulega ábyrgð þeirra ef upp koma rekstrarerfiðleikar eða alvarleg atvik. Nauðsynlegt er að tryggja í lögum að sjálfbóðaliðar beri ekki persónulega ábyrgð, heldur sé ábyrgðin á herðum lögaðila. Þetta mun styrkja öryggi sjálfbóðaliða og hvetja fleiri til þátttöku í stjórnar- og félagsstörfum.

Með þessum ívilnunum er ekki aðeins tryggt að félögin geti staðið undir sífellt vaxandi verkefnum, heldur er líka fjárfest í lýðheilsu, menntun og félagslegri samheldni þjóðarinnar. Samfélagslegur ávinningur af öflugum starfi íþróttta- og ungmennafélaga er margfaldur miðað við þann kostnað sem slíkar aðgerðir mundu hafa í ríkisfjármálum.

Tillagan kom mikið breytt frá nefndinni.

- Þórir Haraldsson HSK, skilur ekki af hverju búið er að breyta tillögunni svona mikið og leggur til að upphaflega tillagan verði samþykkt óbreytt.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson HSP, skyldi umræðuna þannig að nú þegar væri heimild í lögum fyrir verktakavinnu. Hvert félag fyrir sig þyrfti að gera upp við sig hvort um væri að ræða alvöru verktöku eða gerviverktöku. Virðisaukaskattmálin væru flóknari og því rétt að fá umræðu með ÍSÍ um þau mál.
- Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir ÍBR, er fyrrverandi starfsmaður skattsins og þekkir þessi mál því talsvert. Vinnuumhverfi þjálfara gerir það að verkum að þeir teljist í raun sem launþegar og geti ekki verið verktakar. Hún skilur þó íþróttahreyfinguna fullkomlega til að vilja hafa verktaka. Hún er sammála Sigurbirni um að virðisaukaskattinn þyrfti að ræða sérstaklega.
- Helgi S. Haraldsson HSK, tók undir með Þóri og lagði til að upphaflega tillagan yrði samþykkt.
- Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ, gerir engar athugasemdir við tillöguna sem slíka. Allt sem komið hefur fram í umræðunni eru góð verkfæri inn í umræðuna. Hann upplýsti að undanfarin ár hafi farið fram mikil vinna til að formgera samtalið við stjórnvöld. Nú væri búið að setja saman faghóp um skattamál, sem samanstendur af fulltrúum frá KPMG, Deloitte og úr íþróttahreyfingunni. Það verður að skýra þessi mál og m.a. einfalda reglur um virðisaukaskatt. Skatturinn er núna búinn að senda bréf á 33 íþróttafélög, sem eiga meistaraflokka karla og/eða kvenna í boltagreinunum.
- Kristín Thorberg UMSE, sagði frá því að oft væri best að hafa svona tillögur einfaldar. Það væri vænlegra til árangurs.

- Ástþór Jón Ragnheiðarson HSK, skilur ekki viðbrögð hreyfingarinnar við bréfi sem barst frá Skattinum fyrir u.þ.b. ári. Hann sagði frá muninum á launþegum og verktökum. Hann vill að íþróttahreyfingin sé fyrirmynd í launþegamálum.
- Þórir Haraldsson HSK, sagði að sá sem ekki þorir að vaða í mótherjann, nái ekki árangri. Við þurfum að þora að setja fram kröfurnar, því annars náum við engu fram.

Tillaga nefndarinnar borin upp til samþykktar.

Breytingartillaga nefndarinnar samþykkt með meirihluta atkvæða

Tillagan í heild samþykkt með meginþorra atkvæða.

Hlé gert á tillögum frá nefndum vegna kosninga, kl. 17:43.

Einar Kristján Jónsson formaður kjörnefndar, stýrði kosningum

Kosning formanns

Jóhann Steinar Ingimundarson UMSK, var einn í kjöri og var því lýstur réttkjörinn formaður Ungmennafélags Íslands 2025 til 2027. Því var fagnað með lófataki.

Kynning á framboði til stjórnar og varastjórnar, hver frambjóðandi fékk þrjár mínútur.

Til aðalstjórnar:

Birgir Már Bragason – Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB)
 Guðmundur Sigurbergsson – Ungmennasamband Kjalarnesþings (UMSK)
 Guðný Stefania Stefánsdóttir – Héraðssamband Vestfjarða (HSV)
 Gunnar Gunnarsson – Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA)
 Halla Margrét Jónsdóttir – Íþróttabandalag Akraness (ÍA)
 Helgi Sigurður Haraldsson – Héraðssambandið Skarphéðinn (HSK)
 Margrét Sif Hafsteinsdóttir – Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR)
 Ragnheiður Högnadóttir – Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS)
 Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson – Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS)
 Sigurður Óskar Jónsson – Ungmennasambandið Úlfjótur (USÚ)
 Skúli Bragi Geirdal – Íþróttabandalag Akureyrar (IBA)

Til varastjórnar:

Ásgeir Sveinsson – Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF)
 Gunnar Þór Gestsson – Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS)

116 atkvæðisbærir fulltrúar eru mættir

Niðurstaða kosninga til aðalstjórnar

111 greiddu atkvæði

Skúli Bragi Geirdal	100 atkvæði
Halla Margrét Jónsdóttir	96 atkvæði

Guðný Stefania Stefánsdóttir	72 atkvæði
Sigurður Óskar Jónsson	69 atkvæði
Helgi Sigurður Haraldsson	63 atkvæði
Margrét Sif Hafsteinsdóttir	50 atkvæði
Birgir Már Bragason	50 atkvæði
Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson	45 atkvæði
Gunnar Gunnarsson	43 atkvæði
Ragnheiður Högnadóttir	43 atkvæði
Guðmundur Sigurbergsson	35 atkvæði

Ekki var greint frá atkvæðafjölda þeirra sem ekki hlutu kosningu á þinginu, að öðru leyti en því að þar sem Birgir Már Bragason og Margrét Sif Hafsteinsdóttir hlutu bæði 50 atkvæði í 6. sæti, var dregið um það hvort hlyti aðalstjórnarsæti. Margrét dró hærra spil og er því réttkjörin í stjórn UMFÍ.

Réttkjörin í stjórn UMFÍ 2025 – 2027 eru því:

Skúli Bragi Geirdal
Halla Margrét Jónsdóttir
Guðný Stefania Stefánsdóttir
Sigurður Óskar Jónsson
Helgi Sigurður Haraldsson
Margrét Sif Hafsteinsdóttir

Þeim sem ekki náðu kjöri í aðalstjórn var því næst boðið að bjóða sig fram í varastjórn. Birgir Már Bragason, Gunnar Gunnarsson, Ragnheiður Högnadóttir og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson þáðu það og því voru þessi í kjöri til varastjórnar:

Framboð til varastjórnar UMFÍ

Ásgeir Sveinsson – Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF)
Birgir Már Bragason – Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB)
Gunnar Þór Gestsson – Ungmennasamband Skagafjarðar (UMSS)
Gunnar Gunnarsson – Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands (UÍA)
Ragnheiður Högnadóttir – Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS)
Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson – Ungmennasamband Vestur-Skaftafellssýslu (USVS)

Afgreiðslu tillagna fram haldið á meðan atkvæði voru talin.

ÞINGSKJAL NR. 13**ENDURSKOÐUNARFÉLAG****TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að ODT ehf. endurskoðun kt. 461000-2820, sjái um endurskoðun UMFÍ fyrir árið 2026 og 2027.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í samræmi við 9. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að á meðal verkefna þings sé að kjósa endurskoðunarfélag samtakanna.

Tillagan kom leiðrétt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

ÞINGSKJAL NR. 14**ÁRGJALD****TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ**

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að árgjald af skattskyldum félögum árið 2026 verði 0 kr.

Greinargerð:

Tillagan er lögð fram í samræmi við 7. grein laga UMFÍ þar sem kveðið er á um að meðal verkefna þings sé að ákveða árgjald sambandaðila og aðildarfélaga.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni. Samþykkt samhljóða

Niðurstaða kosninga til varastjórnar**108 greiddu atkvæði**

Birgir Már Bragason	91 atkvæði
Gunnar Þór Gestsson	78 atkvæði
Ragnheiður Högnadóttir	75 atkvæði
Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson	73 atkvæði
Gunnar Gunnarsson	64 atkvæði
Ásgeir Sveinsson	51 atkvæði

Réttkjörin í varastjórn UMFÍ 2025 – 2027 eru því, í þessari röð:

1. Birgir Már Bragason
2. Gunnar Þór Gestsson
3. Ragnheiður Högnadóttir
4. Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson

Þingforseti bar því næst upp tillögu að kjörnefnd sem starfi milli þinga

Einar Kristján Jónsson, Vesturhlíð

Einar Haraldsson, ÍRB

Gunnhildur Hinriksdóttir HSP

Haukur Valtýsson, ÍBA
Halla Garðarsdóttir UMSK

Til vara:
Benedikt Jónsson, UÍA
Gyða Björk Bergþórsdóttir ÍA

Samþykkt samhljóða

Afgreiðslu tillagna fram haldið

ÞINGSKJAL NR. 18

REGLUGERÐ UM LOTTÓ OG LOTTÓÚTHLUTANIR

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshóteli, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð um lottóreglur og lottóúthlutanir.

Greinargerð:

Nýt reglugerð tók gildi á árinu 2024. Við greiðslur til sambandsaðila um áramót kom í ljós að hagstofan birtir ekki tölur fyrir 31. desember fyrr en 3-4 mánuðum síðar. Mikilvægt er að tölur séu einungis uppfærðar einu sinni á ári og ekki þurfi að fara í aðgerðir til að leiðrétta úthlutun síðar á árinu. Það er ástæða þess að lagt er til að viðmiðunartölur séu uppfærðar einu sinni á ári, og notast sé við þær tölur sem eru til staðar í byrjun hvers árs.

Einnig hefur komið fram í umræðum fjárhags- og greiningarnefndar og stjórnar UMFÍ hugmyndir um breytingar á reglugerð fræðslu- og verkefnasjóðs á þann hátt að UMFÍ geti ekki sótt í sjóðinn lengur. Af þeim sökum er lögð til breyting á hlutfalli í sjóðinn um 2% og þau fari til UMFÍ í sameiginleg verkefni fyrir sambandsaðila. Hugmyndir eru uppi um að fjármagnið geti t.d. nýst í að greiða fyrir fulltrúa sambandsaðila á þing, í sameiginleg verkefni eins og aðgang að bókhaldskerfi og þ.h.

LOTTÓREGLUR OG LOTTÓÚTHLUTANIR

I. SKIPTING LOTTÓTEKNA UMFÍ

- 79% til sambandsaðila.
- 16% til UMFÍ.

- 5% til fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. SKIPTING LOTTÓTEKNA TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

- Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:
- 15% til reksturs svæðisstöðva íþróttahéraða.
- 85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs.

III. REGLA VEGNA SKIPTINGAR TIL REKSTURS SVÆÐISSTÖÐVA ÍÞRÓTTAHERAÐA

Úthlutun á hluta til reksturs svæðisstöðva íþróttahéraða er ekki háð skilyrðum.

IV. REGLA VEGNA SKIPTINGAR TIL SAMBANDSAÐILA

Skilyrði fyrir úthlutun hvers árs til sambandsaðila er að fulltrúi þeirra hafi mætt á síðastliðið sambandsþing/sambandsráðsfund. Hlutar þeirra sem mæta ekki skerðist og er hlutfall ákvarðað af stjórn UMFÍ og kynnt með fundarboði. Stjórn UMFÍ er einnig heimilt að víkja frá skerðingum vegna mætingar komi upp óvænt og ófyrirséð atvik (t.d. veður eða óhöpp).

Komi til auka arðgreiðslu frá Íslenskri Getspá hefur stjórn heimild til að ráðstafa hluta hennar til þeirra sambandsaðila sem orðið hafa fyrir skerðingu samkvæmt reglugerð sem tók gildi á Sambandsþingi UMFÍ 2023, með öðrum hætti en kemur fram hér að ofan.

V. UM ÚTHLUTUN

Fyrir 15. hvers mánaðar skal úthluta öllum ágóða sem borist hefur fyrir næsta mánuð á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilagrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

FYRIRVARI

Sé fjármögnun til svæðisstöðva íþróttahéraða frá ríkisvaldi ekki framlengd skal taka afstöðu til framhalds málsins á sambandsráðsfundi 2026.

Notast skal við útgefnar tölur frá Hagstofu Íslands í janúar ár hvert og greitt út eftir þeim út árið.

Samþykkt á 54. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Stykkishólmi.

IV gr. tillögunnar kom nokkuð breytt frá nefndinni, viðbótin er undirstrikuð.

Umræður um breytingartillögu nefndarinnar

- Ingvar Sverrisson ÍBR, ræddi um breytingartillögu nefndarinnar. Hann er persónulega ekki hrifinn af eins opinni tillögu og hér er lögð fram til þess eins að leysa mál. Greinilega var eitthvað vitlaust gert þegar svæðisstöðvarnar voru settar á laggirnar, því annars væru þessar tillögur, þ.e. þessi og tillaga 25, ekki lagðar fram.
- Þórir Haraldsson HSK, fagnar því að nefndin telji mjög mikilvægt að milda þau áhrif sem breytingarnar fyrir tveimur árum höfðu á minni sambandsaðila. Hann er þó smeykur við að opna lottóúthlutunina eins og tillagan gerir ráð fyrir.
- Sigurbjörn Árni Arngrímsson HSP, sagði að það verði að stoppa í það gat sem varð til við það sem aðrir hafa nefnt. Hann fór yfir ýmsa lýðfræðilega þætti um búsetu í landinu. Íþróttahreyfingin er gríðarlega mikilvæg í hinum dreifðu byggðum. Í stóru bæjunum og á höfuðborgarsvæðinu eru ýmsir aðrir aðilar sem bjóða upp á afþreyingu.
- Gunnar Þór Gestsson UMSS, óskaði eftir því að röð afgreiðslu mála yrði breytt. Þetta þingskjal myndi biðja fram yfir afgreiðslu tillagna 21 og nýrrar tillögu nr. 27. Þingforseti hafnaði þeirri beiðni.
- Kristín Thorberg UMSE, ræddi ýmsar leiðir til að útfæra tillöguna.
- Gunnhildur Hinriksdóttir HSP, segist skynja samstöðu, þó fólk sé ekki endilega sammála um leiðina. Þessi tillaga sé mögulega plástur, og sjálfsagt muni eitthvað vera hrært í lottóreglugerðinni á komandi árum.
- Helgi S. Haraldsson HSK, segir að honum finnist erfitt að samþykkja svona opna tillögu. Svæðisstöðvarnar eru mótvægisáðgerð en nú sé kominn tími til að vita hvert við erum að fara í framtíðinni. Stöðumat á svæðisstöðvunum sé nauðsynlegt.
- Ásgeir Sveinsson HHF, segir að margir hér inni geri sér ekki grein fyrir því hversu mikil skerðingin með svæðisstöðvunum var. Hann skorar á nýkjörna stjórn að gera bragarbót á þessu og veltir því fyrir sér hvort minnstu íþróttahéruðin verði hreinlega til á næsta þingi.

Breytingartillaga nefndarinnar borin upp til atkvæða. Hún féll á jöfnu, 48 sögðu já, 48 sögðu nei.

- Snjólaug Jónsdóttir USAH, spurði um ósamræmi í dagsetningum í reglugerðinni.

Tillagan í heild borin upp til atkvæða. Tillagan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

ÞINGSKJAL NR. 21**REGLUGERÐ FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐS****TILLAGA FRÁ STJÓRN**

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ.

Til upplýsinga. Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr reglugerðinni og undirstrikaður texti er nýr.

Greinargerð:

Úthlutunarnefnd sjóða UMFÍ hefur farið yfir reglugerð Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ og tekið saman tillögur um breytingar til stjórnar UMFÍ sem leggur tillögurnar fram til þingsins. Tillögurnar eru unnar með það að markmiði að einfalda og skýra þar sem þörf er á og koma til móts við breytingar á því fé sem kemur inn í sjóðinn úr lottóinu, sbr. þingskjal nr. 18.

REGLUGERÐ FRÆÐSLU- OG VERKEFNASJÓÐS**1. GREIN. HEITI SJÓÐSINS**

Sjóðurinn heitir Fræðslu- og verkefnasjóður Ungmennafélags Íslands.

2. GREIN. TILGANGUR

Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf ungmennafélagshreyfingarinnar í samræmi við stefnu UMFÍ, m.a. með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun í félagsmálum og félagsstarfi.

3. GREIN. SKIPAN OG HLUTVERK STJÓRNAR

Stjórn sjóðsins skal skipuð a.m.k. þremur einstaklingum og einum til vara. Stjórn UMFÍ skipar stjórn sjóðsins milli þinga. Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhlíða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

4. GREIN. FJÁRMAGN

Tekjur sjóðsins skulu vera ákveðinn hundraðshluti af lottótekjum samkvæmt reglugerð um úthlutun lottótekna, frjáls framlög einstaklinga og félaga, eigin vaxtatekjur og aðrar fjáraflanir sem henta þykja hverju sinni. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

5. GREIN. UMSÓKNIR

Úthlutun úr sjóðnum fer fram tvisvar á ári. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði. Skilafrestur umsókna er annars vegar til og með 1. maí og hins vegar til og með 1. nóvember ár hvert. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Fyrir hverja úthlutun skal auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda kynningarpóst á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og á öðrum opinberum vettvangi. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, og yfirlit yfir þá styrkþega, styrkuppþæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Umsækjendur geta óskað eftir rökstuðningi sjóðsstjórnar við sinni umsókn.

6. GREIN. SKILYRÐI

Rétt til umsóknar úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

Sjóðurinn styrkir ekki tækja-, áhalda- og búnaðarkaup, fundakostnað (þ.m.t. veitingar) og almennan rekstur félaga. Sjóðsstjórn er heimilt að kveða nánar á um þetta í vinnureglum sínum, sbr. 3. gr.

7. GREIN. UPPGJÖR

Öllum sem hljóta styrk úr sjóðnum er skylt að skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Skýrslunni skal einnig fylgja afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Hafi styrkur ekki verið sóttur 24 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

8. GREIN. REIKNINGAR SJÓÐSINS

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikningur sjóðsins skal birta árlega í ársskýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á Sambandsþingi og sambandsráðsfundi.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

9. GREIN. GILDISTÍMI OG BREYTINGAR

Reglugerð þessari verður aðeins breytt á Sambandsþingi UMFÍ og þarf að hljóta 2/3 greiddra atkvæða.

Samþykkt á 54. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Stykkishólmi.

Tillagan kom lítillega breytt frá nefnd

- Sigurður Óskar Jónsson UMFÍ/USÚ, lagði til að í stað aukins meirihluta yrði um að ræða einfaldan meirihluta.
- Ásgeir Sveinsson HHF, kvaddi sér hljóðs og ræddi um kosningu í síðustu tillögu.

Tillaga Sigurðar samþykkt með 45 atkvæðum gegn 31.

Breytingartillagan í heild að öðru leyti samþykkt með þorra atkvæða

Tillagan í heild borin upp til atkvæða. Samþykkt með þorra atkvæða

ÞINGSKJAL NR. 22**REGLUGERÐ UMHVERFISSJÓÐS UMFÍ****TILLAGA FRÁ STJÓRN**

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshótel í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir eftirfarandi breytingar á reglugerð Umhverfissjóðs UMFÍ.

Til upplýsinga. Yfirstrikaður texti er það sem dettur út úr reglugerðinni og undirstrikaður texti er nýr.

Greinargerð:

Úthlutunarnefnd sjóða UMFÍ hefur farið yfir reglugerð Umhverfissjóðs UMFÍ og tekið saman tillögur um breytingar til stjórnar UMFÍ sem leggur tillögurnar fram til þingsins. Tillögurnar eru unnar með það að markmiði að einfalda og skýra þar sem þörf er á.

REGLUGERÐ UMHVERFISSJÓÐS**1. GREIN. HEITI SJÓÐSINS**

Sjóðurinn heitir „Umhverfissjóður UMFÍ – Minningarsjóður Pálma Gíslasonar“ en Pálmi var formaður UMFÍ 1979–1993.

2. GREIN. TILGANGUR SJÓÐSINS

Tilgangur sjóðsins er að styrkja umhverfisverkefni félaga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Horfa skal til verkefna er tengjast yngra fólki og verkefna sem stuðla að auknum tengslum við náttúru landsins.

Líta ber til misjafns aðgengis félaga að fjármagni til verkefna og að mótframlagi félaga heima í héraði til verkefna, auk nýjunga í umhverfisverndun og nýtingu.

3. GREIN. UM SJÓÐINN

Stofnendur sjóðsins eru fjölskylda Pálma Gíslasonar, ungmennafélagshreyfingin og aðrir velunnarar.

Höfuðstóll sjóðsins skal eigi vera lægri en 5.000.000 kr. og vera tengdur vísitölu neysluverðs í október 2015. Sjóðnum skulu tryggðar að lágmarki 1.200.000 kr. árlega sem greiddar verði af UMFÍ. Framlag UMFÍ er ákveðið í fjárhagsáætlun ár hvert. Sjóðsstjórn er heimilt að leita eftir viðbótarfjármagni frá öðrum aðilum.

4. GREIN. SKIPAN OG HLUTVERK SJÓÐSINS

Sjóðsstjórn skal skipuð einum fulltrúa frá fjölskyldu Pálma Gíslasonar, formanni UMFÍ, og a.m.k. þremur fulltrúum skipuðum af stjórn UMFÍ.

Kjörtímabil sjóðsstjórnar er samhlíða kjörtímabili stjórnar UMFÍ, eða tvö ár. Verkefni sjóðsstjórnar er að úthluta fé úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.

Sjóðsstjórn ákveður styrkupp hæð hverju sinni og setur sér nánari vinnureglur varðandi úthlutun.

5. GREIN. UMSÓKNIR

Úthlutað skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Umsóknir skulu berast skrifstofu UMFÍ, á þar til gerðu eyðublaði.

Skilafrestur umsókna er til og með 15. apríl ár hvert. Sjóðsstjórn skal úthluta úr sjóðnum í síðasta lagi mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út. Skilyrði til styrkveitingar úr sjóðnum er að styrkþegi sé félag í UMFÍ og að verkefnið sé umhverfisverkefni.

Fyrir hverja úthlutun skal auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn með því að senda tilkynningu á sambandsaðila, setja auglýsingu á vef UMFÍ og á öðrum opinberum vettvangi. Í auglýsingum eftir umsóknum í sjóðinn skal fylgja með slóð á vefsíðu UMFÍ. Þar komi fram nánari upplýsingar um sjóðinn, og yfirlit yfir þá styrkþega, styrkupp hæðir og verkefni sem hafa hlotið styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði og leita umsagna annarra aðila. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar. Verði umsókn samþykkt til styrkveitingar skal sjóðsstjórnin ákveða hversu háan styrk viðkomandi verkefni hlýtur. Umsækjendur geta óskað eftir rökstuðningi sjóðsstjórnar við sinni umsókn.

6. GREIN. SKILYRÐI

Rétt til að sækja um styrk úr sjóðnum eiga sambandsaðilar UMFÍ, aðildarfélög sem eru virk í starfi og deildir innan þeirra. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar.

7. GREIN. UPPGJÖR

Öllum sem hljóta styrk úr sjóðnum er skylt að skila skýrslu til UMFÍ eftir að verkefninu lýkur, um nýtingu styrksins, fyrirkomulag, helstu efnisatriði og árangur. Skýrslunni skal einnig fylgja afrit af reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Styrkir eru einungis greiddir út til félaga innan UMFÍ, ekki til einstaklinga. Hafi styrkur ekki verið sóttur 24 mánuðum eftir úthlutun fellur hann niður.

8. GREIN. REIKNINGAR SJÓÐSINS

Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til stjórnar UMFÍ þar sem m.a. er gerð grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins. Rekstrar- og efnahagsreikning sjóðsins skal birta árlega í ársskýrslu UMFÍ, sem lögð er fram á Sambandsþingi og sambandsráðsfundi.

Það endurskoðunarfélag sem sinnir endurskoðun reikninga UMFÍ hverju sinni, er jafnframt endurskoðunarfélag sjóðsins.

9. GREIN. GILDISTÍMI OG BREYTINGAR

Reglugerð þessi tekur þegar gildi. Breytingar á reglugerðinni þurfa að hljóta samþykki einfalds meirihluta á Sambandsþingi UMFÍ.

Samþykkt á 54. Sambandsþingi UMFÍ 2025 í Stykkishólmi.

Tillagan kom lítillega breytt frá nefndinni.

Breytingartillaga nefndarinnar borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

Tillagan í heild borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL NR. 24

SKRÁNINGARKERFI FYRIR ÍÞRÓTTAHREYFINGUNA

TILLAGA FRÁ HSK

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að UMFÍ, í samstarfi við ÍSÍ, skoði möguleikana á að, bjóða öllum íþróttafélögum, innan sinna vébanda, upp á samræmt skráningarkerfi iðkenda, án endurgjalds.

Greinargerð:

Í dag er skilakerfi starfsskýrslna, aðildarféлага íþróttahreyfingarinnar, samræmt í einu kerfi. Á markaðnum eru fleiri en einn aðili sem bjóða uppá skráningarkerfi fyrir iðkendur íþróttaféлага. Í dag er aðgangur að þessum kerfum bundinn samningi milli íþróttaféлага og viðkomandi fyrirtækja sem reka þessi kerfi. Aðgangur að þeim er dýr og mörg félög sem ráða ekki við eða sjá ekki hag sinn í að taka kerfin upp til iðkendaskráningar. Með því að forysta hreyfingarinnar semji um aðgang að þessum kerfum fyrir alla hreyfinguna, mun örugglega nást fram mikill sparnaður og mun meiri áreiðanleiki í starfsskýrsluskilum og öllu utanumhaldi um íþróttaiðkun á Íslandi.

Nefndin lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar. Samþykkt samhljóða.

ÞINGSKJAL NR. 25

LOTTÓREGLUGERÐ OG LOTTÓÚTHLUTANIR

TILLAGA FRÁ HHF, HSB, HSS, HSV, HSP, UDN, UIF

54. sambandsþing UMFÍ, haldið á Fosshóteli í Stykkishólmi dagana 10.-12. október 2025, samþykkir að eftirfarandi breytingu á lottóreglugerð og lottóúthlutunum.

Eftirtaldir sambandsaðilar UMFÍ; Héraðssambandið Hrafna-Flóki (HHF), Héraðssamband Bolungarvíkur (HSB), Héraðssamband Strandamanna (HSS), Héraðssamband Vestfirðinga (HSV), Héraðssamband Þingeyinga (HSP), Ungmennasamband Dalamanna og Norður-Breiðfirðinga (UDN) og Ungmennasamband Fjallabyggðar (UIF), leggja hér fram sameiginlega tillögu fyrir Sambandsþing UMFÍ sem haldið verður 10.-12. október 2025 í Stykkishólmi.

Við leggjum til breytingu á 2. grein reglugerðar UMFÍ um Lottóreglur og Lottóúthlutanir.

Reglugerðin eins og hún er í dag:

II. SKIPTING LOTTÓTEKNA TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:

15% til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða.

85% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs.

Við leggjum til eftirfarandi breytingu:

II. SKIPTING LOTTÓTEKNA TIL SAMBANDSAÐILA UMFÍ

Hluti sambandsaðila (79%) verði skipt þannig:

15% til reksturs svæðisskrifstofa íþróttahéraða.

20% skiptist jafnt, óháð stærð þeirra

65% til íþróttahéraða eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs

Greinargerð

Héraðssamböndin HHF, HSB, HSV, HSS, HSP, UDN og UÍF standa frammi fyrir stórrí áskorun fjárhagslega eftir breyttar úthlutunarreglur Lottó. Vilja héruðin í sameiningu vekja athygli á þeim áhrifum sem skerðingin hefur á starfsemi barna og ungmenna innan héraðanna og víðar um land.

Lottótekjur hafa hingað til gegnt lykilhlutverki í að jafna stöðu barna og ungmenna í dreifbýli og jaðarsettum byggðarlögum, en nýjar úthlutunarreglur hafa hins vegar skert þennan mikilvæga stuðning. Skerðing á lottótekjum hefur haft bein áhrif á fjárhagslega stöðu héraða og aðildarfélaga þeirra, þar sem tekjurnar eru mikilvægur þáttur í halda uppi daglegum rekstri. Minnkandi tekjur draga úr möguleikum félaganna til að halda úti öflugu starfi.

Á sambandsþingum þessara íþróttahéraða voru samþykktir bókaðar og í þeim fólst að skora á Framkvæmdastjórn ÍSÍ og stjórn UMFÍ að koma til móts við þau minni héruð sem orðið hafa illa úti við breyttar reglur.

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni.

- Sigurbjörn Árni Arngrímsson HSP, sagði frá því að í dag hefði verið komin fram miðlunartillaga sem svo var ekki samþykkt. Hann fór fram á nafnakall við afgreiðslu tillögunnar.

- Helgi S. Haraldsson HSK, tók til máls. Honum finnst einsýnt að eitthvað þurfi að gera. Hvort sem það er einskiptisaðgerð eða eitthvað varanlegt. Þingið þarf þá að vera sátt við það sem gera eigi. Stjórn fræðslu- og verkefnasjóðs hefur heimild til að styrkja minni sambönd með einskiptisaðgerðum.
- Berghildur Pálmadóttir UDN, þakkar fyrir ýmsar tillögur að lausnum sem komið hafa fram, en vill þó hafa eitthvað í hendi eftir þingið. Hlutur UDN úr lottósjóði hafi lækkað úr 7,5 milljónum niður í 1,5 milljón á ári. Hún benti á að þó eitthvað sé samþykkt núna, þá megi breyta því aftur á þingi eftir tvö ár.
- Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ, lagði til tvær leiðir. Annars vegar að þingið álykti um að veittur verði 25 milljóna króna styrkur úr fræðslu- og verkefnasjóði og að gerð yrði breyting á fjárhagsáætlun, sem gerði ráð fyrir hærri gjöldum og lægri rekstrarafgangi, með því að hækka liðinn „annar rekstrarkostnaður“ um 35 milljónir. Samtals myndi þetta ganga á sjóði UMFÍ um 60 milljónir.

Að því sögðu drógu flytjendur tillögu sína til baka. Því var tillaga 25 ekki borin upp til atkvæða.

ÞINGSKJAL NR. 27

SKIPTING REKSTRARAFGANGS SVÆÐISSTÖÐVA

TILLAGA FRÁ FJÁRHAGSNEFND

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, beinir því til stjórnar UMFÍ að rekstrarafgangi Svæðisstöðva Íþróttahreyfingarinnar verði skipt í átta (8) jafna hluta og greitt til svæðanna. Svæðisstöðvar ásamt tilheyrandi íþróttahéruðum er gert að koma sér saman um skiptingu sín á milli.

Greinargerð:

Svæðisstöðvar eru fjármagnaðar með 15% hlut íþróttahéraða af lottóúthlutun samkvæmt lottóreglugerðum UMFÍ og ÍSÍ. Þessi 15% voru ákveðin með þeim forsendum að fjármagna reksturinn á móti framlagi stjórnvalda. Þessi 15% voru ákveðin án þess að taka tillit til viðbótarúthlutunar lottó.

Það verður þannig sameiginlegur hagur okkar að rekstur svæðisstöðva verði sem hagkvæmastur og að framlag stjórnvalda verði aukið.

Rekstrarafgangur fyrsta árs er um tuttugu og fimm (25m) milljónir sem í átta hluta eru þrjár milljónir, eitt hundrað og fimmtíu þúsund (3,15m).

Tillaga 27 er ný tillaga frá nefndinni

Samþykkt samhljóða að taka tillöguna á dagskrá

Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.

- Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ, benti á að þar sem þetta er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ, þá er litið svo á að því sé beint til stjórnar að ræða við ÍSÍ um þessa tillögu.

ÞINGSKJAL NR. 1

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2026

TILLAGA FRÁ STJÓRN UMFÍ

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir fjárhagsáætlun UMFÍ 2026.

Yfirlit um rekstraráætlun 2026

	2026 áætlun	2025 áætlun	2024 Raun
Rekstrartekjur			
Ríkisframlag.....	137.553.920	133.522.000	136.190.000
Lottó og getraunir.....	323.121.616	321.000.000	419.347.409
Þátttökugjöld.....	148.563.600	136.235.200	133.684.874
Aðrar tekjur.....	145.834.420	140.604.916	176.635.336
	755.073.556	731.362.116	865.857.619
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	238.819.766	227.016.000	188.547.129
Lottó til sambandsaðila.....	250.526.077	248.850.000	324.964.454
Annar rekstrarkostnaður.....	244.744.216	226.881.956	270.597.557
Veittir styrkir.....	17.357.568	26.700.000	41.371.922
Afskriftir.....	1.200.000	1.200.000	2.388.000
	752.647.626	730.647.956	827.869.062
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	2.425.930	714.160	37.988.557
Fjármagnstekjur	23.300.000	20.650.000	36.122.415
Fjármagnsgjöld	-780.000	-1.200.000	-531.981
	22.520.000	19.450.000	35.590.434
Rekstrarniðurstaða ársins	24.945.930	20.164.160	73.578.991

Yfirlit um rekstraráætlun 2026

	Aðalsjóður	Reykir	Fræðsla og kynningarmál	Mótaheld og viðburðir	Fræðsla & verkefnaþj.	Umhverfis-sjóður	2026 áætlun
Rekstrartekjur							
Ríkisframlag	62.353.920	10.200.000	45.000.000	20.000.000			137.553.920
Lottó og getraunir	307.265.535				15.896.081		323.121.616
Þátttökugjöld		134.353.600	600.000	13.610.000			148.563.600
Aðrar tekjur	27.500.000	87.384.420	15.900.000	13.850.000		1.200.000	145.834.420
	397.119.455	231.938.020	61.500.000	47.460.000	15.896.081	1.200.000	755.073.556
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	67.776.000	106.043.766	45.000.000	20.000.000			238.819.766
Lottó til sambandsaðila	250.526.077						250.526.077
Annar rekstrarkostnaður	71.666.982	117.627.234	26.360.000	28.540.000	500.000	50.000	244.744.216
Veittir styrkir	2.700.000				13.657.568	1.000.000	17.357.568
Afskriftir	1.200.000						1.200.000
	393.869.059	223.671.000	71.360.000	48.540.000	14.157.568	1.050.000	752.847.626
Rekstrarniðurstaða án fjármagnslíða	3.250.396	8.267.020	-9.860.000	-1.080.000	1.698.513	150.000	2.425.930
Fjármagnstekjur	22.000.000				800.000	500.000	23.300.000
Fjármagnsgjöld	-780.000						-780.000
	21.220.000				800.000	500.000	22.520.000
Rekstrarniðurstaða ársins	24.470.396	8.267.020	-9.860.000	-1.080.000	2.498.513	650.000	24.945.930

Tillagan kom óbreytt frá nefndinni

- Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ, lagði til að annar rekstrarkostnaður hækki um 35 milljónir til samræmis við umræður í tillögu 25.

Tillaga Jóhanns samþykkt samhljóða. Tillagan í heild var einnig samþykkt samhljóða.

Guðríður Aadnegard formaður nefndarinnar þakkaði nefndarmönnum fyrir störf nefndarinnar. Hún minntist þess að hafa eitt sinn fengið jólakort með ljóði sem hún flutti.

ÖNNUR MÁL

Gunnar Gunnarsson UMFÍ/UÍA, sagði frá sögu sinni innan UMFÍ. Hann væri nú að hverfa úr stjórn og þakkaði fyrir sig.

Guðmundur G. Sigurbergsson UMFÍ/UMSK, er einnig að hverfa úr stjórn og þakkaði því einnig fyrir sig.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ lagði fram eftirfarandi tillögu að ályktun.

54. Sambandsþing UMFÍ haldið á Fosshótel, Stykkishólmi 10.-12. október 2025, samþykkir að fela stjórn að vinna að því að veittur verði 25 milljón króna styrkur úr fræðslu- og verkefnasjóði til að styðja rekstur þeirra íþróttahéraða sem verst standa eftir þær breytingar sem orðið hafa á lottóúthlutunum síðustu ár.

Samþykkt samhljóða

Þingforsetar þökkuðu fyrir sig og báðu stjórn og starfsfólk um að kanna möguleikann á því að allar kosningar á þingum verði rafrænar, til að koma í veg fyrir rugling og misskilning. Þau óskuðu nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Þar með luku þau sínum störfum.

ÞINGSSLIT

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ þakkaði þingforsetum fyrir sín störf og færði þeim blómvönd sem þakklætisvott. Hann færði einnig fráfarandi stjórnarmönnum kærar þakkar fyrir sín störf og færði þeim einnig blómvönd.

Jóhann lauk svo máli sínu með því að slíta 54. sambandsþingi UMFÍ kl. 20:35.

KVÖLDVERÐUR OG SKEMMTUN

MATMAÐUR ÞINGSINS

Að þingstörfum og kvöldverði loknum, greindi Birna Baldursdóttir ÍBA, frá vali á matmanni þingsins. Matmaður 54. Sambandsþings UMFÍ er Sigurbjörn Árni Arngrímsson, HSB. Birna sagði Sigurbjörn Árna vel að titlinum kominn. Í rökum dómnefndar kom m.a. fram að honum hafi ekki fundist kvöldmaturinn á föstudeginum nægilega vel úti látinn, svo hann pantaði sér kjúklingaborgara úr næstu sjoppu, án þess þó að átta sig á því að ábót væri í boði. Eins og hefð er fyrir kallaði nýkrýndur matmaður þingsins starfslið hótelsins fram á svið, þar sem því var vel fagnað. Þá bað hann starfsfólkið jafnframt afsökunar á framferði sínu á föstudagskvöldinu.

FULLTRÚAR FRÁ SAMBANDSAÐILUM

Alls mættu 116 þingfulltrúar. Eftirtaldir aðilar voru skráðir á kjörbréf og mættu. Í sviga fyrir ofan er hámarksfjöldi fulltrúa hvers íþróttahéraðs skv. kjörbréfi.

HHF (3)

Ásgeir Sveinsson
Birna Hannesdóttir
Lilja Sigurðardóttir

HSB (2)

Jenný Hólmsteinsdóttir
Karitas Sigurlaug Ingimarsdóttir

HSH (4)

Hjörleifur K. Hjörleifsson
Sólveig Ásta Bergvinsdóttir

Til vara

Laufey Bjarnadóttir
Gunnhildur Gunnarsdóttir

HSK (11)

Guðríður Aadnegard
Ástþór Jón Ragnheiðarson
Engilbert Olgeirsson
Gestur Einarsson
Guðjóna Björk Sigurðardóttir
Guðrún Tryggvadóttir
Helgi S. Haraldsson
Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason
Olga Bjarnadóttir
Sigríður Anna Guðjónsdóttir
Þórir Haraldsson

Til vara

Guðmundur Sigmarsson
Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage
Guðmunda Ólafsdóttir
Sólmundur Magnús Sigurðardóttir
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Kristín Ísabella Karlsdóttir

HSS (3)

Erla Björk Jónsdóttir
Valgeir Örn Kristjánsson
Halldór Lárusson

HSV (4)

Guðný Stefanía Stefánsdóttir
Páll Janus Þórðarson
Hansína Þóra Gunnarsdóttir
Valdimar Smári Gunnarsson

HSÞ (4)

Jón Sverrir Sigtryggsson
Gunnhildur Hinriksdóttir
Sigurbjörn Árni Arngrímsson
Inga Þórey Ingólfssdóttir

ÍA (3)

Gyða Björk Bergþórsdóttir

Magnús Guðmundsson
Heiðar Mar Björnsson

Til vara
Halla Margrét Jónsdóttir

ÍBA (7)
Jóna Jónsdóttir
Birna Baldursdóttir
Geir Kr. Aðalsteinsson
Sævar Pétursson
Helga Björg Ingvadóttir
Haukur F. Valtýsson
Linda Guðmundsdóttir

Til vara
Skúli Bragi Geirdal
Kristján Sturluson

ÍBH (10)
Elísabet Ólafsdóttir
Anna Lilja Sigurðardóttir
Arnfríður Kristín Arnardóttir
Hildur Vilhelmsdóttir
Fríða Kristín Jóhannesdóttir
Stefán Borgþórsson

ÍBR (11)
Frímann Ari Ferdinandsson
Ingvar Sverrisson
Lilja Sigurðardóttir
Margrét Sif Hafsteinsdóttir
Viggó H. Viggósson
Valgerður Marija Purusic
Eiður Ottó Bjarnason
Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
Kolbeinn Þorsteinsson
Ívar Orri Aronsson

ÍBV (3)
Arnheiður Pálsdóttir
Elísa Sigurðardóttir
Rakel Magnúsdóttir

ÍRB (10)
Birgir Már Bragason

Hjördís Baldursdóttir
Ólafur Bjarnason
Garðar Newman
Hámundur Örn Helgason
Erlingur R. Hannesson
Thor Hallgrímsson
Jóhanna K. Guðbjartsdóttir
Einar Haraldsson
Jóhanna K. Guðbjartsdóttir

ÍS (4)

Marteinn Ægisson
Ari Gylfason
Klara Bjarnadóttir
Kjartan Friðrik Adolfsson

UDN (3)

Jóhanna Sigrún Árnadóttir
Guðrún Blöndal
Berghildur Pálmadóttir

UÍA (4)

Þuríður R. Sigurjónsdóttir
Daði Þór Jóhannesson
Gunnar Gunnarsson
Erla Gunnlaugsdóttir

UÍF (3)

Þórarinn Hannesson
Kristín Anna Guðmundsdóttir
Þóra Pétursdóttir

UMSB (3)

Guðrún Hildur Þórðardóttir
Bjarney L. Bjarnadóttir
Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson

UMSE (3)

Þorgerður Guðmundsdóttir
Kristín Thorberg
Snæþór Arnþórsson

UMSK (11)

Guðmundur Sigurbergsson
Jóhann Steinar Ingimundarson

Málfríður Sigurhansdóttir
Rakel Másdóttir
Victor Ingi Olsen
Geirarður Long
Lárus Brynjar Lárusson
Sjöfn Þórðardóttir
Sigurður Guðmundsson
Ásgrímur Harðarson
Bóel Kristjánsdóttir

UMSS (5)

Gunnar Þór Gestsson
Þorvaldur Gröndal
Þröstur Heiðar Erlingsson
Ragnheiður Lára Brynjólfssdóttir
Thelma Knútsdóttir

USAH (3)

Snjólaug M. Jónsdóttir
Haraldur Holti Líndal
Sara Björk Þorsteinsdóttir

USÚ (3)

Bjarni Malmquist Jónsson
Margrét Kristinsdóttir
Sigurður Óskar Jónsson

Til vara

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir

USVH (3)

Ómar Eyjólfsson
Halldór Sigfússon

USVS (3)

Jóhann Bragi Elínarson
Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson
Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir

Vesturhlíð (1)

Einar Kristján Jónsson

STJÓRN OG VARASTJÓRN UMFÍ 2023–2025 (11)

Stjórn

Jóhann Steinar Ingimundarson	formaður
Ragnheiður Högnadóttir	formaður framkvæmdastjórnar
Gunnar Þór Gestsson	varaformaður
Guðmundur Sigurbergsson	gjaldkeri
Sigurður Óskar Jónsson	ritari
Gunnar Gunnarsson	meðstjórnandi
Málfriður Sigurhansdóttir	meðstjórnandi

Varastjórn

Guðmunda Ólafsdóttir
Rakel Másdóttir
Ásgeir Sveinsson
Hallbera Eiríksdóttir

STARFSFÓLK UMFÍ (8)

Aldís Baldursdóttir	verkefnastjóri UMFÍ
Auður Inga Þorsteinsdóttir	framkvæmdastjóri UMFÍ
Einar Þ. Eyjólfsson	fjármálastjóri UMFÍ
Elísabet Hrund Salvarsdóttir	bókari UMFÍ
Jón Aðalsteinn Bergsveinsson	kynningarfulltrúi UMFÍ
Ómar Bragi Stefánsson	verkefnastjóri UMFÍ
Ragnheiður Sigurðardóttir	verkefnastjóri UMFÍ
Sigurður Guðmundsson	forstöðumaður Ungmennabúða

SVÆÐISFULLTRÚAR

Álfheiður Sverrisdóttir
Gunnhildur Gunnarsdóttir
Halldór Lárusson
Þóra Pétursdóttir
Kristján Sturluson
Erla Gunnlaugsdóttir
Jóhanna Íris Ingólfssdóttir

Bryndís Hrafnkelsdóttir
Rakel Magnúsdóttir
Petra Ruth Rúnarsdóttir
Sigurður Friðrik Gunnarsson

UNGMENNARÁÐ UMFÍ

Halla Margrét Jónsdóttir
Sara Jóhanna Geirsdóttir
Eiður Andri Guðlaugsson
Ernir Daði Arnbergz Sigurðsson
Guðný Óladóttir
Karen Hulda Finnsdóttir

GESTIR

Anna R. Möller	Þingritari og heiðursfélagi UMFÍ
Gretar Daníel Pálsson	Þingforseti
Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Þingforseti
Þórir Jónsson	Heiðursfélagi
Sæmundur Runólfsson	Fyrirverandi framkvæmdastjóri UMFÍ
Andri Stefánsson	ÍSÍ
Willum Þór Þórsson	ÍSÍ
Kári Mímisson	ÍSÍ
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir	Sveitarfélagið Stykkishólmur
Magnús Bæringsson	Sveitarfélagið Stykkishólmur
Kristín Skjaldardóttir	Samskiptaráðgjafi
Eygló Ósk Gústavsdóttir	Samskiptaráðgjafi
Þóra Sigfríður Einarsdóttir	Samskiptaráðgjafi
Bjarni Már Svavarsson	HRÍ
Jón Halldórsson	HSÍ
Hannes Jón Jónsson	KKÍ
Þórður A. Hjaltested	ÍF
Sara Björk Þorsteinsdóttir	Farsældarfulltrúi
Magnús Alexandersdóttir	Heiðursfélagi
Kristján Thorlacius	Lögmaður UMFÍ

Borghildur Fjóla Kristjánsdóttir Landsbjörg

ÞINGGERÐ RITUÐU:

Sigurður Óskar Jónsson

Anna R. Möller